

REGLUGERÐ

um skimun ríkisborgara þriðju ríkja.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildistaka Schengen-gerðar.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 frá 14. maí 2024 um innleiðingu skimunar ríkisborgara þriðju landa á ytri landamærunum og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/817, sbr. fylgiskjal sem birt er með reglugerð þessari, skal öðlast gildi hér á landi í samræmi við samning sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, með þeirri aðlögun sem getið er um í reglugerð þessari.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um framkvæmd skimunar á ytri landamærum Íslands og, eftir því sem við á, innanlands eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2024/1356. Reglugerðin kveður á um hlutverk, ábyrgð og samvinnu skimunaryfirvalda og heilbrigðisstarfsfólks við skimun, framkvæmd skimunar, þjálfun og um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga.

3. gr.

Aðlögun tilvísana til EES- og Schengen-gerða.

Tilvísanir í gerðir, í reglugerð (ESB) 2024/1356, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á.

4. gr.

Skimun.

Skimun samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1356 felur í sér forskoðun ríkisborgara þriðju ríkja sem falla undir 5. og 7. gr. þeirrar reglugerðar. Markmið skimunar er að afla upplýsinga og leggja mat á atriði sem hafa þýðingu fyrir áframhaldandi meðferð máls viðkomandi einstaklings.

Skimun skv. 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 felur í sér auðkennisathugun, öryggisathugun, heilsufarsskimun og bráðabirgðaathugun á stöðu einstaklings. Hún felur jafnframt í sér skráningu lífkennaupplýsinga í Eurodac-kerfið að því marki sem það hefur enn ekki verið gert sbr. d-lið 5. mgr. 8. gr. sömu reglugerðar, útfyllingu skimunareyðublaðs og vísun máls til viðeigandi stjórnvalds eða málsmeðferðar að lokinni skimun eða þegar frestur til framkvæmdar hennar skv. 8. gr. sömu reglugerðar er liðinn.

II. KAFLI

Hlutverk og ábyrgð við skimun.

5. gr.

Hlutverk skimunaryfirvalda.

Skimunaryfirvöld í skilningi þessarar reglugerðar eru lögregla, Útlendingastofnun og það stjórnvald sem fer með þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Skimunaryfirvöld skulu sameiginlega annast upplýsingagjöf til einstaklinga skv. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 og útfyllingu skimunareyðublaðs skv. 17. gr. sömu reglugerðar. Verka-skipting þeirra ræðst af eðli upplýsinga og hlutverki hvers stjórnvalds. Lögregla ber þó ábyrgð á upplýsingagjöf við upphaf skimunar.

Lögregla skal annast mat á því hvaða einstaklingar skuli sæta skimun og framkvæma auðkennis- og öryggisathuganir skv. 14. og 15. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, ásamt skráningu lífkennaupplýsinga í Eurodac-kerfið, þegar við á, til samræmis við d-lið 5. mgr. 8. gr. sömu reglugerðar. Lögregla skal einnig óska eftir viðveru starfsmanns barnaverndarþjónustu við skimun fylgdarlaus

barns, sem skal fylgja og aðstoða fylgdarlaust barn við skimun, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356.

Útlendingastofnun skal tryggja að upplýsingar á skimunareyðublaði séu aðgengilegar viðkomandi einstaklingi til samræmis við skilyrði 3. másl. 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 og að uppfyllt séu önnur skilyrði 4. og 5. másl. sömu málsgreinar. Stofnunin skal jafnframt tryggja að máli viðkomandi einstaklings sé vísað til viðeigandi stjórnvalds eða tekið til viðeigandi málsmeðferðar, að lokinni skimun eða þegar frestur skv. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 rennur út.

Stjórnvald sem fer með þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd ber ábyrgð á að annast bráðabirgðaathugun á viðkvæmri stöðu einstaklings, sbr. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356.

6. gr.

Hlutverk heilbrigðisstarfsfólks.

Heilsufarsskimun samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 skal framkvæmd af heilbrigðisstarfsmanni með starfsleyfi samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn, sem er fær um að meta heilsufar einstaklinga og sinna þeim verkefnum sem mælt er fyrir um í 12. gr. reglugerðar þessarar.

III. KAFLI

Framkvæmd skimunar.

7. gr.

Skimunarferlið.

Skimun skal framkvæmd án tafar og ávallt lokið innan þeirra fresta sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356.

Framkvæmd einstakra þátta skimunar skal taka mið af aðstæðum og þörfum þess einstaklings sem sætir skimun.

8. gr.

Skimunarstaður.

Skimun getur farið fram í móttökumiðstöð skv. 27. gr. laga um útlendinga, á landamærastöð, lögreglustöð eða öðrum stað sem lögregla ákveður.

9. gr.

Viðvera á meðan skimun stendur.

Einstaklingur sem sætir skimun skal vera til staðar á meðan skimun fer fram.

Lögregla getur, í því skyni að tryggja viðveru einstaklings meðan á skimun stendur, skyldað hann til að sinna reglulegri tilkynningarskyldu eða dveljast á ákveðnum stað, sbr. 1. mgr. 114. gr. laga um útlendinga.

Þegar skimun er lokið eða frestur til framkvæmdar hennar er liðinn skal einstaklingur ekki lengur vera bundinn af skyldu til viðveru skv. 1. mgr. né sæta ráðstöfunum skv. 2. mgr. Frá þeim tíma fer um réttarstöðu og málsmeðferð einstaklings samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem við eiga.

IV. KAFLI

Nánari framkvæmd einstakra þátta skimunar.

10. gr.

Framkvæmd auðkennisathugunar.

Við framkvæmd auðkennisathugunar skal staðfesta eða sannprófa deili á einstaklingi á grundvelli framlagðra skilríkja, annarra fyrirliggjandi gagna og upplýsinga sem aflað er við skimun, sbr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356.

11. gr.

Framkvæmd öryggisathugunar.

Við framkvæmd öryggisathugunar og í þeim tilgangi að meta hvort viðkomandi kunni að ógna innra öryggi Schengen-svæðisins skal leita í þeim kerfum og gagnagrunnum sem tilgreind eru í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 sem lögreglan hefur heimild til að leita í.

12. gr.

Framkvæmd heilsufarsskimunar.

Við framkvæmd heilsufarsskimunar skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 skal heilbrigðisstarfsfólk skv. 6. gr. leggja mat á heilsufar viðkomandi með það að markmiði að skima fyrir bráðum veikindum, smitsjúkdómum og öðrum þáttum sem geta haft áhrif á heilsufar einstaklings eða lýðheilsu, og tryggja að gripíð sé til viðeigandi viðbragða sem fyrst. Við heilsufarsskimun skal einkum:

- skima fyrir vísbendingum um alvarleg veikindi eða áverka, mæla lífsmörk, meta brýnar heilsufarslegar þarfir og, eftir því sem við á, veita fyrstu hjálp eða vísa viðkomandi til frekari heilsufarsskoðunar sé þess talin þörf,
- meta hvort hætta sé á útbreiðslu smitsjúkdóma og grípa til viðeigandi ráðstafana, þar á meðal einangrunar og tilkynningar til heilbrigðisyfirvalda eftir því sem við á,
- skima fyrir vísbendingum um bráðan geðrænan vanda,
- skima fyrir sérstökum áhættuþáttum, svo sem áhættumeðgöngu eða því hvort barn þurfi sérstaka eða bráða aðstoð.

Heilsufarsskimun skal fara fram af varfærni og án óþarfa íhlutunar.

Heilsufarsskimun skal fara fram í aðstöðu sem tryggir öryggi, trúnað og næði. Almennt skulu engir aðrir vera viðstaddir en sá sem annast eftirlitið, viðkomandi einstaklingur og, eftir atvikum, túlkur.

Barn skal sæta heilsufarsskimun í viðurvist foreldris eða umsjónaraðila, eða, þegar um fylgdarlaust barn er að ræða, starfsmanns barnaverndarþjónustu, nema slíkt teljist ekki samrýmast hagsmunum barnsins.

13. gr.

Framkvæmd bráðabirgðaathugunar á viðkvæmri stöðu einstaklings.

Við framkvæmd bráðabirgðaathugunar á viðkvæmri stöðu einstaklings, skv. 3. og 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, skal afla upplýsinga um hvort viðkomandi hafi sérstakar þarfir eða sé í viðkvæmri stöðu með því að kanna hvort fyrir hendi séu vísbendingar um slíkt. Athugunin skal miða að því að tryggja að hægt verði að bregðast við brýnum þörfum einstaklings og að upplýsingarnar um stöðu einstaklingsins liggi fyrir í málsmeðferðargögnum viðkomandi.

Við mat á því hvort einstaklingur teljist í viðkvæmri stöðu er meðal annars heimilt að byggja á upplýsingum sem aflað er í samskiptum við viðkomandi og mati á ytri einkennum hans, svo sem hegðun, útliti eða vísbendingum um ofbeldi, fötlun eða aðra þætti sem kunna að gefa tilefni til að ætla að einstaklingur sé í viðkvæmri stöðu, sem og fyrirbyggjandi gögnum.

Bráðabirgðaathugun á viðkvæmri stöðu einstaklings skal fara fram af varfærni og í aðstöðu sem tryggir öryggi, trúnað og næði. Almennt skulu engir aðrir vera viðstaddir en sá sem annast athugunina, viðkomandi einstaklingur og, eftir atvikum, túlkur.

Við framkvæmd bráðabirgðaathugunar á viðkvæmri stöðu barns skal það vera í fylgd fullorðins fjölskyldumeðlims, umsjónaraðila eða, þegar um fylgdarlaust barn er að ræða, starfsmanns barnaverndarþjónustu, nema slíkt teljist ekki samrýmast hagsmunum barnsins.

14. gr.

Vísun máls til viðeigandi stjórnvalds eða í viðeigandi málsmeðferð.

Þegar skimun er lokið eða frestur til framkvæmdar skimunar er liðinn, skal máli einstaklings vísað til viðeigandi stjórnvalds eða viðeigandi málsmeðferðar.

Viðeigandi málsmeðferð getur meðal annars falist í málsmeðferð vegna umsóknar um alþjóðlega vernd, málsmeðferð vegna frávísunar eða brottvísunar eða annarri málsmeðferð samkvæmt lögum.

Þegar mál er tekið til meðferðar vegna umsóknar um alþjóðlega vernd skal ákveðið hvaða málsmeðferð samkvæmt lögum um útlendinga skuli beita, svo sem efnismeðferð, meðferð á grundvelli ábyrgðar annars ríkis eða aðra málsmeðferð samkvæmt lögnum.

V. KAFLI

Samstarf, þjálfun og vinnsla persónuupplýsinga.

15. gr.

Þjálfun, samvinna og verklag við skimun.

Skimunaryfirvöld skulu tryggja fullnægjandi þjálfun starfsfólks sem framkvæmir skimun, sbr. 9. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, þar með talið um framkvæmd auðkennis- og öryggisathugana, bráðabirgðaathugana á viðkvæmri stöðu, upplýsingagjöf og samskipti við einstaklinga sem sæta skimun, viðeigandi eftirfylgni vegna einstaklinga í viðkvæmri stöðu, meðferð trúnaðarupplýsinga og skráningu upplýsinga í skimunareyðublað.

Við skimun skulu skimunaryfirvöld og heilbrigðisstarfsfólk skv. 6. gr. viðhafa skilvirka og vandaða framkvæmd og tryggja virðingu fyrir mannlegri reisn og grundvallarréttindum einstaklings. Þau skulu starfa með samræmdum hætti og tryggja viðeigandi skráningu og miðlun upplýsinga í samræmi við lög og reglugerð þessa.

Skimunaryfirvöld og heilbrigðisstarfsfólk skv. 6. gr. skulu setja sér sameiginlegar verklagsreglur um framkvæmd skimunar. Verklagsreglur skulu samræmast lögum, reglugerð þessari og viðmiðum viðkomandi stofnana Evrópusambandsins sem hafa gefið út leiðbeiningar um framkvæmd skimunar skv. reglugerð (ESB) 2024/1356.

16. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Stjórnvöldum sem fara með verkefni samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að vinna persónuupplýsingar, þar á meðal viðkvæmar persónuupplýsingar, að því marki sem það er nauðsynlegt til að framkvæma skimun og fyrir áframhaldandi málsmeðferð að henni lokinni.

Vinnsla persónuupplýsinga skal ávallt vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og lög um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi eftir því sem við á. Um eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt reglugerð þessari fer eftir sömu lögum.

VI. KAFLI

Gildistaka.

17. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 5. tölul. 1. mgr. 120. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016 og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 11. júní 2026.

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

Páll Winkel.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2024/1356**

frá 14. maí 2024

um innleiðingu skimunar ríkisborgara þriðju landa á ytri landamærunum og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/817

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum b- og d-lið 2. mgr. 77. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,
eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,
með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,
með hliðsjón af álit svæðanefndarinnar ⁽²⁾,
í samræmi við almenna lagasetningarmedferð ⁽³⁾,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Schengen-svæðið var stofnað til að koma á svæði án innri landamæra þar sem frjáls för fólks er tryggð, eins og sett er fram í 2. mgr. 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Hnökralaus framkvæmd á þessu svæði byggist á gagnkvæmu trausti milli aðildarríkjanna og skilvirkri stjórnun ytri landamæra.
- 2) Mælt er fyrir um reglur um eftirlit með einstaklingum á landamærum við för þeirra yfir landamæri aðildarríkja Sambandsins í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 ⁽⁴⁾. Þrátt fyrir ráðstafanir sem beitt er við landamæragæslu gætu aðildarríkin þurft að standa frammi fyrir því að ríkisborgarar þriðju landa fari í heimildarleysi yfir landamæri til að komast hjá landamæraeftirliti. Til að þróa enn frekar stefnu Sambandsins með það fyrir augum að sinna eftirliti með einstaklingum og skilvirkum eftirliti með för yfir ytri landamærin, sem um getur í 1. mgr. 77. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, ættu viðbótar-ráðstafanir að taka á aðstæðum þar sem ríkisborgarar þriðju landa eru handteknir í tengslum við óheimila för yfir ytri landamærin, þar sem ríkisborgarar þriðju landa fara frá borði í kjölfar leitar- og björgunar- aðgerða og þar sem ríkisborgarar þriðju landa sækja um alþjóðlega vernd á landamærastöð án þess að uppfylla komuskilyrði. Þessi reglugerð kemur til viðbótar reglugerð (ESB) 2016/399 að því er varðar þessar aðstæður. Mikilvægt er að tryggja að ríkisborgarar þriðju landa sæti skimun við slíkar aðstæður til að greiða fyrir því að staðfest séu rétt deili á heim og til að hægt sé að vísa þeim með skilvirkum hætti í viðeigandi ferli sem, með hliðsjón af aðstæðum, gæti verið málsmedferð sem á við um alþjóðlega vernd eða málsmedferð sem er í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/115/EB ⁽⁵⁾. Skimun slíkra ríkisborgara þriðju landa ætti að koma hnökralaust til fyllingar eftirliti á ytri landamærum eða til að bæta upp fyrir þá staðreynd að eftirlitið fór ekki fram þegar farið var yfir ytri landamærin.
- 3) Landamæravarsla er ekki aðeins í þágu þeirra aðildarríkja þar sem hún fer fram á ytri landamærum heldur allra aðildarríkja sem hafa afnumið landamæravörslu á innri landamærum. Landamæravarsla á að stuðla að því að draga úr ólöglegum innflutningi fólks og baráttu gegn smygli á fólki og mansali og koma í veg fyrir ógn við innra öryggi, allsherjarreglu, lýðheilsu og alþjóðasamskipti í aðildarríkjunum. Við landamæravörslu skulu aðildarríkin fara að viðeigandi lögum Sambandsins og alþjóðalögum, þ.m.t. Genfarsamningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, með áorðnum breytingum samkvæmt New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, að skuldbindingum sem tengjast alþjóðlegri vernd, einkum meginreglunni um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu, og grundvallarréttindum. Ráðstafanir sem gripið er til á ytri landamærunum eru, sem slíkar, mikilvægur þáttur í heildstæðri nálgun gagnvart fólksflutningum og gera aðildarríkjum kleift að takast á við þær áskoranir sem felast í blöndu af komu ólögmetra innflytjenda og einstaklinga sem þarfnast alþjóðlegrar verndar.
- 4) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/399 felur landamæravarsla í sér landamæraeftirlit sem fer fram á landamærastöðvum og landamæragæslu milli landamærastöðva til að koma í veg fyrir að ríkisborgarar þriðju landa fari yfir landamæri með ólögmetum hætti samkvæmt þeirri reglugerð eða sniðgangi landamæraeftirlit. Samkvæmt ákvæðum um landamæragæslu í reglugerð (ESB) 2016/399 skal handtaka einstakling sem hefur farið yfir landamæri með ólögmetum hætti og sem hefur ekki heimild til dvalar á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis og skal hann sæta málsmedferð sem er í samræmi við tilskipun 2008/115/EB. Samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/399 skal landamæravarsla fara fram með fyrirvara um réttindi flóttamanna og einstaklinga sem fara fram á alþjóðlega vernd, einkum réttindi til að vera ekki vísað brott þangað sem líf þeirra eða frelsi kann að vera í hættu.

- 5) Landamæraverðir standa oft frammi fyrir ríkisborgurum þriðju lands sem fara fram á alþjóðlega vernd án ferðaskilríkja, bæði eftir að hafa verið handteknir við landamæragæslu og við eftirlit á landamærastöðvum. Enn fremur standa landamæraverðir á sumum landamærasvæðum frammi fyrir miklum fjölda komufólks á sama tíma. Við slíkar aðstæður er sérlega erfitt og mikilvægt að tryggja að flett sé upp í öllum víðeigandi gagnagrunnum og að víðeigandi málsmeðferð sé ákveðin eins fljótt og auðið er.
- 6) Skimun ríkisborgara þriðju lands ætti einkum að stuðla að því að tryggja að þeim sé vísað til víðeigandi málsmeðferðar eins fljótt og auðið er og að slíkri málsmeðferð sé haldið áfram án truflunar eða tafar. Skimunin ætti jafnframt að sporna við því að sumir umsækjendur um alþjóðlega vernd hlaupist á brott eftir að hafa fengið heimild til að koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkis á grundvelli beiðni sinnar um alþjóðlega vernd, með það fyrir augum að sækja um slíka beiðni í öðru aðildarríki eða alls ekki.
- 7) Í kjölfar skimunar á ríkisborgurum þriðju lands sem sækja um alþjóðlega vernd ætti að fara fram athugun á þörf á alþjóðlegri vernd. Þetta ætti að gera það mögulegt að safna og deila með lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á athuguninni, öllum upplýsingum sem skipta máli fyrir þau síðarnefndu til að greina víðeigandi málsmeðferð fyrir athugun á umsókn án þess að það hafi áhrif á tegund málsmeðferðar og flýta þannig fyrir athuguninni. Skimunin ætti einnig að stuðla að því að greina einstaklinga í viðkvæmri stöðu þannig að fullt tillit sé tekið til sérþarfa við ákvörðun og framkvæmd víðeigandi málsmeðferðar.
- 8) Skyldur aðildarríkjanna sem leiða af þessari reglugerð ættu ekki að hafa áhrif á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 ⁽⁶⁾.
- 9) Þessi reglugerð ætti að gilda um ríkisborgara þriðju lands og ríkisfangslausa einstaklinga, óháð því hvort þeir hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd, sem eru handteknir í tengslum við ólögsmæta för yfir ytri landamæri aðildarríkis á landi, sjó eða í lofti, að undanskildum ríkisborgurum þriðju lands þar sem viðkomandi aðildarríki er ekki skylt að taka lífkennaupplýsingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1358 ⁽⁷⁾ af öðrum ástæðum en vegna aldurs, sem og um þá ríkisborgara þriðju lands sem hafa verið fluttir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða og uppfylla ekki komuskilyrðin sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2016/399. Að því er varðar þá ríkisborgara þriðju lands sem hafa verið fluttir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða ætti beiting þessarar reglugerðar að vera með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt alþjóðalögum um leitar- og björgunaraðgerðir. Þessi reglugerð ætti einnig að gilda um þá einstaklinga sem leita alþjóðlegrar verndar á landamærastöðvum eða á gegnumferðarsvæðum án þess að uppfylla komuskilyrði eða þegar ríkisborgarar þriðju lands, sem hafa fengið heimild til komu samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/399 af mannúðarástæðum, vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga, leggja fram umsókn um alþjóðlega vernd.
- 10) Skimunin skal fara fram á hverjum þeim stað sem telja má víðeigandi og fullnægjandi og sem tilgreindur er af hverju aðildarríki, sem er að öllu jöfnu staðsettur á eða nálægt ytri landamærum eða, að öðrum kosti, á öðrum stöðum innan yfirráðasvæðisins, að teknu tilliti til landfræðilegrar legu og fyrirbyggjandi grunnvirkja, og tryggja skal að skimunin geti farið fram án tafar. Skimun ríkisborgara þriðju lands, sem dvelja ólöglega á yfirráðasvæði aðildarríkis, sem hafa farið yfir ytri landamæri til að koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna með ólögsmætum hætti og sem hafa ekki þegar sætt skimun í aðildarríki, ætti að fara fram á hverjum þeim stað sem telja má víðeigandi og fullnægjandi og sem tilgreindur er af hverju aðildarríki á yfirráðasvæði þess.
- 11) Ríkisborgarar þriðju lands sem sæta skimun ættu að vera til reiðu fyrir skimunaryfirvöld meðan á skimun stendur. Aðildarríkin ættu í landslögum sínum að mæla fyrir um ákvæði til að tryggja að þessir ríkisborgarar þriðju lands séu viðstaddir skimun til að koma í veg fyrir að þeir hlaupist á brott. Þar sem slíkt reynist nauðsynlegt, og á grundvelli mats í hverju tilviki fyrir sig, mega aðildarríki hneppa einstakling sem sætir skimun í varðhald, ef beiting vægari þvingunarráðstafana dugir ekki. Aðeins ætti að beita varðhaldi sem síðasta úrræði í samræmi við meginreglurnar um nauðsyn og meðalhóf og það ætti að falla undir raunhæft úrræði til að leita réttar síns í samræmi við landslög, lög Sambandsins og alþjóðalög. Víðeigandi ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1346 ⁽⁸⁾, að því er varðar umsækjendur um alþjóðlega vernd, og víðeigandi reglur um varðhald sem settar eru fram í tilskipun 2008/115/EB, fyrir ríkisborgara þriðju lands sem ekki hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd, ættu að gilda meðan á skimun stendur.
- 12) Hvenær sem ljóst verður við skimun að ríkisborgari þriðja lands, sem sætir slíkri skimun, uppfylli komuskilyrði fyrir ríkisborgara þriðju lands, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/399, ætti skimun að ljúka og heimila ætti viðkomandi ríkisborgara þriðja lands að koma inn á yfirráðasvæðið, sbr. þó beitingu viðurlaga við ólögsmætri för yfir ytri landamæri á öðrum stöðum en landamærastöðvum eða utan ákveðins afgreiðslutíma, eins og um getur í þeirri reglugerð.
- 13) Með hliðsjón af tilgangi undanþága frá komuskilyrðum fyrir ríkisborgara þriðju lands, sem komið var á með reglugerð (ESB) 2016/399, ættu einstaklingar, sem aðildarríki hefur heimilað komu í samræmi við

- slíkar undanþágur samkvæmt þeirri reglugerð í sérstakri ákvörðun, ekki að sæta skimun jafnvel þótt þeir uppfylli ekki öll komuskilyrði, nema þeir sækja um alþjóðlega vernd.
- 14) Taka ætti til athugunar alla ríkisborgarar þriðju landa sem sæta skimun í því skyni að staðfesta eða sannprófa deili á þeim og til að sannreyna hvort þeir gætu ógnað innra öryggi eða lýðheilsu. Til að forðast tvítekið eftirlit þegar um er að ræða einstaklinga sem sækja um alþjóðlega vernd á landamærastöðvum ætti að taka tillit til sannprófana auðkenna og öryggisathugana, sem fram fara við landamæraeftirlit.
 - 15) Þegar skimun er lokið ætti annaðhvort að vísa hlutaðeigandi ríkisborgurum þriðju landa til þeirra yfirvalda sem eru lögbær til að skrá umsóknina um alþjóðlega vernd, eða láta þá sæta málsmeðferð sem er í samræmi við tilskipun 2008/115/EB, eftir því sem við á. Til að styðja við frekara mat á hverju tilviki fyrir sig, með fullu tilliti til grundvallarréttinda, ætti að láta lögbærum yfirvöldum í té viðeigandi upplýsingar, sem aflað er meðan á skimun stendur. Ef nauðsyn krefur ætti viðkomandi lögbært yfirvald að halda áfram eftirlitinu sem komið er á með þessari reglugerð, innan ramma síðari málsmeðferðar. Málsmeðferðarreglurnar, sem komið er á með tilskipun 2008/115/EB, ættu einungis að koma til framkvæmda eftir að skimun er lokið. Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1348 ⁽⁹⁾ um skráningu umsókna um alþjóðlega vernd ættu einungis að gilda eftir að skimun er lokið. Það ætti ekki að hafa áhrif á þá staðreynd að einstaklingar sem sækja um alþjóðlega vernd við handtöku, við landamæravörslu á landamærastöð eða við skimun, ættu að teljast umsækjendur um alþjóðlega vernd og reglugerð (ESB) 2024/1348 og tilskipun (ESB) 2024/1346 ættu að gilda um þá.
 - 16) Almenn ætti einstaklingum sem sækja um alþjóðlega vernd, sem aðildarríkin geta ekki beitt eða ekki lengur beitt málsmeðferð umsóknar um hæli á landamærum gagnvart, í samræmi við ákvæðið um undanþágur frá málsmeðferð umsóknar um hæli við landamæri í reglugerð (ESB) 2024/1348, að vera heimilt að koma inn á yfirráðasvæðið.
 - 17) Einnig mætti fylgja skimunum eftir með tilflutningi (e. relocation) samkvæmt kerfinu sem miðar að samstöðu, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2024/1351, eða öðru fyrirliggjandi kerfi sem miðar að samstöðu.
 - 18) Í samræmi við þá forsendu að skilyrði um lengd dvalar séu uppfyllt, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/399, eru uppfylling komuskilyrða og veiting komuheimildar tilgreind með komustimpli í ferðaskilríkjum. Þegar slíkur komustimpill er ekki fyrir hendi eða ferðaskilríki eru ekki fyrir hendi gæti það því talist vísbending um að handhafi uppfylli ekki komuskilyrði. Með tilkomu komu- og brottfararkerfisins (e. Entry/Exit System), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 ⁽¹⁰⁾ sem leiðir til þess að stimplunum er skipt út fyrir skráningu í komu- og brottfararkerfinu, verður sú forsenda áreiðanlegri. Aðildarríkin ættu því að framkvæma skimun ríkisborgara þriðju landa sem eru þegar á yfirráðasvæði þeirra og geta ekki sannað að þeir hafi uppfyllt skilyrði fyrir komu inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Skimun slíkra ríkisborgara þriðju landa er nauðsynleg til að veiga upp á móti því að þeim hefur að líkindum tekist að komast hjá komueftirliti við komu inn á Schengen-svæðið og því hefði hvorki verið hægt að synja um komu né vísa þeim til viðeigandi málsmeðferðar í kjölfar skimunar. Framkvæmd skimana gæti einnig hjálpað til við að staðfesta, með leit í gagnagrunnum sem um getur í þessari reglugerð, að viðkomandi einstaklingar ógni ekki innra öryggi. Við lok skimunar innan yfirráðasvæðisins ættu viðkomandi ríkisborgarar þriðju landa að gangast undir endursendingarferli eða, þegar þeir sækja um alþjóðlega vernd, viðeigandi meðferð umsóknar um hæli. Ríkisborgarar þriðju landa ættu ekki að gangast undir endurteknar skimanir.
 - 19) Aðildarríkin ættu að geta komist hjá því að framkvæma skimun á yfirráðasvæðinu ef ríkisborgari þriðja lands, sem dvelur ólöglega á yfirráðasvæði þeirra, er tafarlaust sendur til baka til annars aðildarríkis eftir að hafa verið handtekinn, samkvæmt tvíhliða samningum eða samkomulagi eða samkvæmt tvíhliða samstarfsrömmum. Í því tilviki ætti aðildarríkið, sem viðkomandi ríkisborgari þriðja lands hefur verið sendur til baka til, að framkvæma skimunina án tafar.
 - 20) Reglugerð þessi er með fyrirvara um ákvæði landslaga sem taka til þess að staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju landa, sem grunaðir eru um að dvelja ólöglega í aðildarríki, þegar slíkt er til þess að kanna, innan skamms en hæfilegs frests, upplýsingar sem geta ákvarðað ólögmati eða lögmæti dvalar.
 - 21) Með fyrirvara um reglur um landamæravörslu, sem gilda á innri landamærum aðildarríkja þar sem ákvörðun um að aflétta slíku eftirliti hefur ekki enn verið tekin, ætti skimun ríkisborgara þriðju landa, sem eru handteknir í tengslum við ólögmeta för yfir slík innri landamæri þar sem eftirliti hefur ekki enn verið aflétt, að vera í samræmi við reglurnar sem komið er á með þessari reglugerð um skimun innan yfirráðasvæðisins en ekki reglurnar sem settar eru um skimun á ytri landamærunum.
 - 22) Ljúka ætti skimun á ytri landamærum eins fljótt og auðið er og ætti skimunin ekki að taka lengri tíma en sjö daga. Ljúka ætti skimun innan yfirráðasvæðisins eins fljótt og auðið er og ætti skimunin ekki að taka lengri

tíma en þrjá daga. Ekki ætti að koma í veg fyrir að aðildarríki ljúki skimun á ytri landamærum og á yfirráðasvæðinu á skemmri tíma, að því tilskildu að eftirlitið, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, fari fram.

- 23) Skimunin er hluti af samþættri, evrópskri landamærastjórnun. Einkum er hægt að virkja fjármögnunarleið til fjárstuðnings við landamærastjórnun og stefnu í vegabréfsáritunarmálum sem komið var á fót, sem hluta af sjóðnum fyrir samþætta landamærastjórnun, með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1148 ⁽¹¹⁾, til að veita stuðning við aðgerðir aðildarríkja sem falla undir þessa reglugerð, í samræmi við reglurnar sem gilda um notkun þess gernings og með fyrirvara um önnur forgangsverkefni sem byggjast á sjóðnum.
- 24) Til að ná markmiðum skimunar ætti að tryggja öflugri ramma um náð samstarf milli lögbærra landsyfivalda, sem um getur í ákvæðinu um framkvæmd eftirlits í reglugerð (ESB) 2016/399, yfirvalda sem bera ábyrgð á meðferð umsókna um hæli og móttöku umsækjenda, yfirvalda sem bera ábyrgð á verndun lýðheilsu og yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd endursendingarferla í samræmi við tilskipun 2008/115/EB. Aðildarríki ættu að fá að nýta sér stuðning viðeigandi stofnana, einkum Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu (e. European Border and Coast Guard Agency, hér eftir nefnd „Landamæra- og strandgæslustofnunin“), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1896 ⁽¹²⁾, og Hælisstofnunar Evrópusambandsins (e. European Union Agency for Asylum), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2303 ⁽¹³⁾, innan marka umboðs þeirra. Aðildarríki ættu að fá landsbundin barnaverndaryfirvöld og landsyfyrirvöld til að taka þátt í því að hafa uppi á og bera kennsl á fórnarlömb mansals þegar skimun leiðir í ljós staðreyndir sem skipta máli fyrir mansal í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/36/ESB ⁽¹⁴⁾.
- 25) Í tengslum við skimun skal það sem er barninu fyrir bestu ávallt hafa forgang í samræmi við 2. mgr. 24. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálinn um grundvallarréttindi“). Barnaverndaryfirvöld ættu, þegar nauðsyn krefur, að taka virkan þátt í skimuninni til að tryggja að tekið sé tilhlýðilegt tillit til þess sem er barninu fyrir bestu í gegnum allt skimunarferlið. Tilnefna ætti talsmann til að koma fram fyrir hönd og til að aðstoða fylgdarlaust ólöggráða barn á meðan á skimun stendur eða, ef talsmaður hefur ekki verið skipaður, einstakling sem hefur hlotið þjálfun til að vernda hagsmuni og almenna velferð hins ólöggráða barns. Sá talsmaður ætti, eftir atvikum, að vera sá sami og tilnefndur er í samræmi við reglur um fylgdarlaus, ólöggráða börn í tilskipun (ESB) 2024/1346. Þjálfaði einstaklingurinn ætti að vera sá sem er tilnefndur til að koma til bráðabirgða fram sem talsmaður samkvæmt þeirri tilskipun, hafi sá einstaklingur verið tilnefndur.
- 26) Við beitingu þessarar reglugerðar ættu aðildarríkin að tryggja virðingu fyrir mannlegri reisn og ættu þau ekki að mismuna fólki á grundvelli kynferðis, kynþáttar, hörundslitar, þjóðernis eða félagslegs uppruna, erfðaeinkenna, tungu, trúarbragða eða sannfæringar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þess að tilheyra þjóðernisminnihluta, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar.
- 27) Til að tryggja að farið sé að lögum Sambandsins og alþjóðalögum, þ.m.t. sáttmálanum um grundvallarréttindi, ætti hvert aðildarríki, meðan á skimun stendur, að sjá fyrir eftirlitskerfi og koma á fullnægjandi verndarráðstöfunum til að tryggja sjálfstæði þess, t.d. með því að virða Parísarviðmiðin, sem samþykkt voru með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 48/134 frá 20. desember 1993, Feneyjaviðmiðin, sem samþykkt voru á 118. allsherjarfundi Feneyjanefndarinnar 15.–16. mars 2019, ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 28. desember 2020 um hlutverk umboðsmanns og sáttamiðlara við að stuðla að og vernda mannréttindi, góða stjórnunarhætti og réttarreglur og valfrjálsu bókunina við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu, sem samþykkt var 18. desember 2002 á fimmtugasta og sjöunda allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna með ályktun A/RES/57/199 („OPCAT“). Í því skyni ættu aðildarríki að eiga þess kost að skírskota til fyrirbyggjandi landsbundinna eftirlitskerfa með grundvallarréttindum í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð. Eftirlitskerfið, sem hvert aðildarríki lætur í té, ætti einkum að taka til þess að virða grundvallarréttindi í tengslum við skimun, ásamt því að virða gildandi reglur Sambandsins og landsbundnar reglur um varðhald og að fylgja meginreglunni um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu. Evrópustofnun grundvallarmannréttinda (e. European Union Agency for Fundamental Rights), sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 168/2007 ⁽¹⁵⁾ ætti að setja almennar leiðbeiningar um stofnun og sjálfstæði slíkra eftirlitskerfa. Enn fremur ætti aðildarríkjum að vera heimilt að fara fram á stuðning Evrópustofnunar grundvallarréttinda við að þróa landsbundin eftirlitskerfi sín. Aðildarríkjunum ætti einnig að vera heimilt að leita ráða hjá Evrópustofnun grundvallarréttinda við að fastsetja aðferðafræði fyrir landsbundin eftirlitskerfi sín og varðandi viðeigandi ráðstafanir til þjálfunar. Aðildarríkjum ætti einnig að vera heimilt að bjóða viðkomandi og þar til bærum landsbundnum, alþjóðlegum og frjálsum félagsamtökum og stofnunum að taka þátt í eftirlitinu. Óháða eftirlitskerfið ætti ekki að hafa áhrif á eftirlit með grundvallarréttindum, sem eftirlitsmenn grundvallarréttinda hjá Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu

annast og sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2019/1896, eftirlitskerfið til að fylgjast með rekstrarlegri og tæknilegri framkvæmd samevrópska hæliskerfisins (e. Common European Asylum System), eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2021/2303, úttektar- og eftirlitskerfið sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (ESB) 2022/922 ⁽¹⁶⁾ og eftirlit sem núverandi landsbundnar eða alþjóðlegar eftirlitsstofnanir annast. Aðildarríkin ættu að rannsaka staðhæfingar um brot á grundvallarréttindum meðan á skimun stendur, m.a. með því að tryggja að kvartanir séu teknar til skjótrar og viðeigandi meðferðar.

- 28) Aðildarríkin ættu að útvega óháða eftirlitskerfinu viðeigandi fjárhagsleg úrræði.
- 29) Þótt lagaleg úrræði séu fyrir hendi í einstökum málum eða í landsbundnum kerfum til að fylgjast með skilvirkni skimunar nægir það ekki til að uppfylla kröfur um eftirlit með grundvallarréttindum samkvæmt þessari reglugerð.
- 30) Skimunaryfirvöld ættu að fylla út skimunareyðublað. Eyðublaðið ætti að senda með hvers konar viðeigandi hætti, þ.m.t. stafrænum tækjum, til þeirra yfirvalda sem skrá umsóknir um alþjóðlega vernd eða þeirra yfirvalda sem eru lögbær vegna endursendingarferla, eftir því til hverra einstaklingnum er vísað.
- 31) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á aðgerðir sem gripið er til í samræmi við landslög með það fyrir augum að staðfesta deili á viðkomandi einstaklingi eða meta hugsanlega ógn við innra öryggi.
- 32) Upplýsingarnar á skimunareyðublaðinu ætti að skrá þannig að hægt sé að skjóta þeim til stjórnsýslustofnunar og dómstóla við síðari málsmeðferð vegna hælís- eða endursendingarferlis. Einstaklingur sem sætir skimun ætti að eiga þess kost að upplýsa skimunaryfirvöld um að upplýsingarnar á eyðublaðinu séu ekki réttar. Sérhverja slíka ábendingu ætti að skrá á skimunareyðublaðið án þess að það verði til þess að tefja fyrir því að skimun sé lokið.
- 33) Gera ætti upplýsingar á skimunareyðublaðinu aðgengilegar hlutaðeigandi einstaklingi, annaðhvort á pappír eða á rafrænu formi, að undanskildum þeim upplýsingum sem tengjast leit í viðeigandi gagnagrunnum fyrir öryggisathuganir. Þegar um er að ræða ólöggráða börn ætti að láta hinum fullorðna eða fullorðnum, sem bera ábyrgð á barninu, í té upplýsingarnar á skimunareyðublaðinu. Ef um er að ræða fylgdarlaus, ólöggráða börn ætti að láta talsmanni barnsins eða einstaklingnum sem hefur hlotið hefur þjálfun í té upplýsingarnar á skimunareyðublaðinu, til að vernda hagsmuni og almenna velferð barnsins.
- 34) Vinnsla gagna á meðan á skimun stendur ætti alltaf að fara fram í samræmi við gildandi persónuverndarlög Sambandsins, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽¹⁷⁾.
- 35) Lögbær yfirvöld ættu, í samræmi við fresti sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2024/1358, að senda lífkennaupplýsingar sem teknar eru við skimun, ásamt þeim gögnum sem um getur í ákvæðum um söfnun og sendingu lífkennaupplýsinga umsækjenda um alþjóðlega vernd, ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem handteknir eru í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri, ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem dvelja ólöglega í aðildarríki og ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem fluttir hafa verið frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða skv. reglugerð (ESB) 2024/1358, til evrópska fingrafaragrunnsins (Eurodac), sem komið var á fót með þeirri reglugerð („evrópski fingrafaragrunnurinn“).
- 36) Ríkisborgarar þriðju landa sem sæta skimun ættu að gangast undir bráðabirgðaheilbrigðiseftirlit heilbrigðisstarfsfólks með tilskilin réttindi með það fyrir augum að greina hvers konar þarfir fyrir heilbrigðisþjónustu eða einangrun á grundvelli lýðheilsu. Heilbrigðisstarfsfólk með tilskilin réttindi ætti að geta ákveðið, á grundvelli heilsufarsástands hvers ríkisborgara þriðja lands um sig, að ekki sé þörf á frekari heilbrigðis-skoðun meðan á skimun stendur. Þetta bráðabirgðaheilbrigðiseftirlit ætti að vera í höndum heilbrigðisstarfsfólks með tilskilin réttindi sem tilheyrir einum af eftirtöldum flokkum alþjóðlegu starfaflokkunarinnar frá 2008 (ISCO-08), sem er á ábyrgð Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar: 221 Læknar, 2221 Fagaðilar á sviði hjúkrunarfræða eða 2240 Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólk, annað en læknar.
- 37) Gera ætti bráðabirgðaathugun á viðkvæmri stöðu með það í huga að bera kennsl á einstaklinga sem vísbendingar gefa til kynna að séu í viðkvæmri stöðu, séu fórnarlömb pyntinga eða annarrar ómannúðlegrar eða lítillækkandi meðferðar eða séu ríkisfangslausir, eða sem kunna að hafa sérstakar þarfir fyrir móttöku eða málsmeðferð í skilningi tilskipunar (ESB) 2024/1346 og reglugerðar (ESB) 2024/1348, eftir því sem við á. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á frekara mat í þeim ferlum sem fylgja í kjölfarið á því að skimun er lokið. Sérhæft starfsfólk skimunaryfirvalda, sem hefur hlotið þjálfun í þeim tilgangi, skal annast athuginina á viðkvæmri stöðu.
- 38) Meðan á skimun stendur skal tryggja öllum viðkomandi einstaklingum lífskjör í samræmi við sáttmálan um grundvallarréttindi og aðgang að læknishjálp í bráðatilvikum og brýnni meðhöndlun sjúkdóma. Huga ætti sérstaklega að viðkvæmum einstaklingum á borð við þungaðar konur, aldraða, fjölskyldur einstæðra foreldra, einstaklinga með líkamlega eða andlega auðgreinanlega fötlun, einstaklinga sem augljóslega hafa

orðið fyrir andlegum eða líkamlegum áföllum og fylgdarlaus ólögráða börn. Einkum þegar um ólögráða barn er að ræða ætti að veita upplýsingar á barnvænlan hátt og þannig að hæfi aldri barnsins. Öll yfirvöld sem koma að framkvæmd verkefna í tengslum við skimunina ættu að tilkynna um hvers konar viðkvæmar aðstæður sem vart verður við eða tilkynnt hefur verið um til þeirra, virða mannlega reisn og friðhelgi einkalífs og forðast alla mismunun.

- 39) Þar eð vera kann að ríkisborgarar þriðju landa sem sæta skimun hafi ekki nauðsynleg persónu- og ferðaskilríki til að fara löglega yfir ytri landamærin ætti ferli til að staðfesta eða sannprófa deili að fara fram sem hluti af skimuninni.
- 40) Sameiginlega auðkennasafninu (CIR) var komið á fót með reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 ⁽¹⁸⁾ og (ESB) 2019/818 ⁽¹⁹⁾ til að greiða fyrir og aðstoða við rétta auðkenningu einstaklinga sem skráðir eru í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2004/512/EB ⁽²⁰⁾, evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfið (ETIAS-ferðaheimildakerfið), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 ⁽²¹⁾, evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac) og í miðlæga kerfið til að greina hvaða aðildarríki búa yfir upplýsingum um refsídóma ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/816 ⁽²²⁾ (upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfið), þ.m.t. óþekktir einstaklingar sem eru ófærir um að sanna á sér deili. Í því skyni inniheldur sameiginlega auðkennasafnið aðeins auðkenni, ferðaskilríki og lífkennaupplýsingar sem skráð eru í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn og ECRIS-TCN-sakaskráakerfið, aðskilin með rökrænum hætti. Aðeins þær persónuupplýsingar sem eru algerlega nauðsynlegar til að framkvæma nákvæma sannprófun auðkenna eru geymdar í sameiginlega auðkennasafninu. Persónuupplýsingum sem skráðar eru í sameiginlega auðkennasafnið er sjálfkrafa eytt þegar gögnunum er eytt úr undirliggjandi kerfum. Uppfletting í sameiginlega auðkennasafninu gerir kleift að staðfesta eða sannprófa deili á einstaklingum með áreiðanlegum og tæmandi hætti, með því að gera það mögulegt að fletta upp í einu lagi öllum auðkennaupplýsingum sem eru til staðar í komu- og brottfararkerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, evrópska fingrafaragrunninum og ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu á hraðvirkan og áreiðanlegan hátt, en jafnframt tryggja vernd gagnanna og komast hjá óþarfi vinnslu eða tvítekningu upplýsinga.
- 41) Til að sannreyna eða staðfesta deili á einstaklingi sem sætir skimuninni ætti, í viðurvist einstaklingsins, að hefja sannprófun í sameiginlega auðkennasafninu meðan á skimun stendur. Meðan á þeirri sannprófun stendur ætti að bera lífkennaupplýsingar einstaklingsins saman við gögnin í sameiginlega auðkennasafninu. Ef ekki er hægt að nota lífkennaupplýsingar einstaklingsins eða ef leitarfyrirspurn með þeim gögnum ber ekki árangur eða skilar engri niðurstöðu er hægt að bera leitarfyrirspurnina saman við auðkennisupplýsingar einstaklingsins ásamt upplýsingum í ferðaskilríkjum, ef slík gögn eru tiltæk, eða við gögn eða upplýsingar sem hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands lætur í té eða eru fengin frá honum. Í samræmi við meginreglurnar um nauðsyn og meðalhóf og ef leitarfyrirspurnin gefur til kynna að gögn um viðkomandi einstakling séu geymd í sameiginlega auðkennasafninu ættu yfirvöld aðildarríkis að hafa aðgang að því til þess að fletta upp auðkennisupplýsingum, upplýsingum í ferðaskilríkjum og lífkennaupplýsingum einstaklingsins, án þess að auðkennasafnið gefi visbendingar um það hvaða upplýsingakerfi ESB upplýsingarnar tilheyrja.
- 42) Þar eð notkun á sameiginlega auðkennasafninu til auðkenningar hefur, samkvæmt reglugerðum (ESB) 2019/817 og (ESB) 2019/818, takmarkast við að auðvelða og aðstoða við rétta auðkenningu á einstaklingum sem skráðir eru í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn og ECRIS-TCN-sakaskráakerfið við lögregluftirlit á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, þarf að breyta þessum reglugerðum í því skyni að kveða á um viðbótartilgang þess að nota sameiginlega auðkennasafnið til að staðfesta eða sannprófa deili á einstaklingum meðan á skimun stendur. Ef um er að ræða reglugerð (ESB) 2019/818 ætti slík breyting, vegna sveigjanleika samþættingar, að eiga sér stað með annarri reglugerð en þessari.
- 43) Þar sem margir einstaklingar sem gangast undir skimun eru mögulega ekki með ferðaskilríki ættu skimunaryfirvöld að hafa aðgang að öðrum viðeigandi skjölum sem hlutaðeigandi einstaklingar hafa í förum sínum, í tilvikum þar sem lífkennaupplýsingar slíkra einstaklinga eru ekki tiltækar eða gefa enga niðurstöður úr sameiginlega auðkennasafninu. Yfirvöldum ætti einnig að vera heimilt að nota gögn úr þessum skjölum, önnur en lífkennaupplýsingar, til að bera saman við viðeigandi gagnagrunna.
- 44) Líta ætti svo á að staðfesting eða sannprófun deila einstaklinga við landamæraeftirlit á landamæraströð og uppfletting í gagnagrunnum í tengslum við landamæragæslu eða lögregluftirlit á ytri landamærasvæðinu eða innan yfirráðasvæðisins af hálfu yfirvalda sem vísuðu viðkomandi einstaklingi til skimunar, sé hluti af

- skimuninni og ætti ekki að endurtaka nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem réttlæta slíka endurtekningu. Taka lífkennuupplýsinga til staðfestingar eða sannprófunar deila og skráningar í samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) 2024/1358 ætti að fara fram einu sinni sem hluti af skimuninni.
- 45) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald, sem gerir henni kleift að setja fram nákvæmar verklagsreglur og forskriftir fyrir heimtagna og tilgreina verklagsreglur fyrir samstarf milli yfirvalda, sem bera ábyrgð á framkvæmd skimunar, aðalskrifstofu Alþjóðasambands sakamálaögreglunnar (e. Interpol National Central Bureaux) og landsdeilda Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins, eftir því sem við á, til að meta ógn við innra öryggi. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽²³⁾.
- 46) Skimunin ætti einnig að staðfesta hvort koma viðkomandi ríkisborgara þriðju landa inn í Sambandið gæti ógnað innra öryggi.
- 47) Þar sem skimun varðar ríkisborgara þriðju landa sem staddir eru á ytri landamærunum án þess að uppfylla komuskilyrði, ríkisborgara þriðju landa sem færðir eru frá borði að lokinni leitar- og björgunaraðgerð án þess að uppfylla komuskilyrði, og ríkisborgara þriðju landa sem dvelja ólöglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, ættu öryggisathuganirnar, sem hluti af skimuninni, að vera a.m.k. á svipuðu stigi og athuganirnar sem framkvæmdar eru þegar í hlut eiga ríkisborgarar þriðju landa sem sækja fyrir fram um heimild til stuttrar dvalar í Sambandinu, hvort sem þeir falla undir kvöð um vegabréfsáritun eða ekki.
- 48) Að því er varðar ríkisborgara þriðju landa sem eru, skv. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1806 ⁽²⁴⁾, undanþegnir kvöð um vegabréfsáritun á grundvelli ríkisfangs síns, kveður reglugerð (ESB) 2018/1240 á um að þeir þurfi að sækja um ferðaheimild til stuttrar dvalar í Sambandinu. Áður en hlutaðeigandi einstaklingum er veitt slík ferðaheimild eru persónuupplýsingarnar sem þeir veita látnar sæta öryggisathugunum í fjölda gagnagrunna Sambandsins, þ.e. upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, Schengen-upplýsingakerfinu, sem komið var á fót með reglugerðum (ESB) 2018/1860 ⁽²⁵⁾, (ESB) 2018/1861 ⁽²⁶⁾ og (ESB) 2018/1862 ⁽²⁷⁾, í komu- og brottfararkerfinu, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar að því er varðar samanburð eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 ⁽²⁸⁾, í ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu sem og gagnagrunni Alþjóðasambands sakamálaögreglu um stolin og horfin ferðaskilríki (Interpol SLTD) og gagnagrunni Alþjóðasambands sakamálaögreglu um ferðaskilríki sem gefin hefur verið út tilkynning um (Interpol TDAWN). Ríkisborgarar þriðju landa, sem falla undir kvöð um vegabréfsáritun skv. reglugerð (ESB) 2018/1806, eru látnir sæta öryggisathugunum áður en vegabréfsáritun er gefin út, í sömu gagnagrunnum og ríkisborgarar þriðju landa sem falla ekki undir þá kvöð um vegabréfsáritun, skv. reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 ⁽²⁹⁾ og (EB) nr. 767/2008 ⁽³⁰⁾.
- 49) Að því er varðar einstaklinga sem sæta skimun ætti sjálfvirk sannprófun í öryggisskyni að fara fram í sömu kerfum og kveðið er á um fyrir umsækjendur um vegabréfsáritun, vegabréfsáritun til langrar dvalar, dvalarleyfi samkvæmt upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir eða ferðaheimild samkvæmt ETIAS-ferðaheimildakerfinu (ETIAS), nánar tiltekið í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS), komu- og brottfararkerfinu (EES), ETIAS-ferðaheimildakerfinu, þ.m.t. gátlisti ETIAS-ferðaheimildakerfisins sem um getur í reglugerð (ESB) 2018/1240, Schengen-upplýsingakerfinu (SIS), ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu að því er varðar einstaklinga sem hljóta dóm í tengslum við hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verknæði, gögnum Alþjóðasambands sakamálaögreglu að því er varðar samanburð eins og um getur í reglugerð (ESB) 2016/794, gagnagrunni Alþjóðasambands sakamálaögreglu um stolin og horfin ferðaskilríki (Interpol SLTD) og gagnagrunni Alþjóðasambands sakamálaögreglu um ferðaskilríki sem gefin hefur verið út tilkynning um (Interpol TDAWN).
- 50) Í öryggisskyni ætti að leita í viðeigandi gagnagrunnum á þann hátt að tryggt sé að einungis gögn sem nauðsynleg eru til að framkvæma öryggisathuganir séu sótt í þá gagnagrunna. Þegar um er að ræða einstaklinga sem hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd á landamærastöð eða á gegnumferðarsvæðum ætti uppfletting í gagnagrunnum fyrir öryggisathugun, sem hluti af skimun, að beinast að gagnagrunnum sem ekki var flett upp í við landamæraeftirlit á ytri landamærum og koma þannig í veg fyrir endurtekna uppflettingu.
- 51) Í rökstuddum tilvikum gæti skimunin einnig tekið til sannprófunar á hlutum í vörslu ríkisborgara þriðja lands, í samræmi við landslög. Allar ráðstafanir, sem er beitt í tengslum við öryggisathugun, ættu að vera í réttu hlutfalli og virða mannlega reisn þeirra einstaklinga sem sæta skimun. Yfirvöld sem hlut eiga að máli ættu að tryggja að grundvallarréttindi þeirra einstaklinga sem í hlut eiga séu virt, þ.m.t. rétturinn til verndar persónuupplýsingum og tjáningarfrelsi.

- 52) Þar sem aðgangur að komu- og brottfararkerfinu, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir og upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa er nauðsynlegur fyrir skimunaryfirvöld til að sannprófa hvort einstaklingurinn gæti verið ógn við innra öryggi ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/816 til að kveða á um þennan aðgangsrétt, sem er sem stendur ekki kveðið á um í þessum reglugerðum. Ef um er að ræða reglugerð (ESB) 2019/816 ætti slík breyting, vegna sveigjanleika samþættingar, að eiga sér stað með annarri reglugerð en þessari.
- 53) Nota ætti evrópsku leitargáttina (e. European search portal), sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2019/817, til að framkvæma leitir í sameiginlega auðkennasafninu til staðfestingar eða sannprófunar deila.
- 54) Skimunaryfirvöld ættu að geta notað evrópsku leitargáttina til að framkvæma leitir í komu- og brottfararkerfinu, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, Schengen-upplýsingakerfinu og ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu, gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar, gagnagrunni Alþjóðasambands sakamálaöreglu um stolin og horfin ferðaskilríki og gagnagrunni Alþjóðasambands sakamálaöreglu um ferðaskilríki sem gefin hefur verið út tilkynning um, í þeim tilgangi að framkvæma öryggisathuganir, eftir því sem við á.
- 55) Þegar leitað er í gagnagrunnum Sambandsins til að staðfesta eða sannprófa deili eða gera öryggisathuganir má réttlæta nauðsyn þess fyrir skilvirka framkvæmd skimunar og til að ná sama markmiði og sérhver þessara gagnagrunna hefur verið stofnaður fyrir, þ.e. skilvirkri stjórnun ytri landamæra Sambandsins með tilliti til samþættrar evrópskrar landamæraastjórnunar.
- 56) Komi fram jákvæð niðurstaða við skimun sem hefur þann tilgang að staðfesta eða sannprófa deili eða framkvæma öryggisathugun ætti skimunaryfirvaldið að sannprófa að gögn, sem skráð eru í upplýsingakerfum ESB eða gögnum Löggæslusamvinnustofnunarinnar, samsvari þeim gögnum sem framkölluðu jákvæða niðurstöðu.
- 57) Skimunaryfirvöld ættu einnig að geta skoðað viðkomandi landsbundna gagnagrunna með tilliti til þess að staðfesta eða sannprófa deili eða framkvæma öryggisathugun í samræmi við landslög.
- 58) Til að uppfylla þá skyldu að staðfesta eða sannprófa deili og framkvæma öryggisathuganir bera aðildarríki, sem ekki beita sumum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna að fullu enn sem komið er og hafa því ekki aðgang að öllum upplýsingakerfum ESB og gagnagrunnum Sambandsins, ábyrgð á að staðfesta deili og framkvæma öryggisathuganir meðan á skimun stendur með því að framkvæma einungis leit í þeim kerfum og gagnagrunnum sem þau hafa aðgang að.
- 59) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að efla eftirlit með ríkisborgurum þriðju landa sem fara yfir ytri landamærin og sjá til þess að staðfest eða sannprófuð séu deili á öllum ríkisborgurum þriðju landa sem þurfa að sæta skimun og vegna uppflettingar í viðeigandi gagnagrunnum til að sannprófa hvort ríkisborgarar þriðju landa sem sæta skimun gætu ógnað innra öryggi og til að stuðla að því að þeim sé vísað til viðeigandi málsmeðferðar, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 60) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunar 22 um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessi reglugerð byggist á Schengen-réttarreglunum ber Danmörku, í samræmi við 4. gr. þeirrar bókunar, að ákveða, innan sex mánaða frá því að ráðið hefur samþykkt reglugerð þessa, hvort hún verði felld inn í landslög.
- 61) Þessi reglugerð telst vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, sem Írland tekur ekki þátt í, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2002/192/EB ⁽³¹⁾. Írland tekur því ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.
- 62) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna í skilningi sammingsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB ⁽³²⁾.
- 63) Að því er Sviss varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, í skilningi sammingsins sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Svissneska ríkjasambandið gerðu með sér um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna sem falla

innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, með hliðsjón af 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2008/146/EB (33).

- 64) Að því er Liechtenstein varðar telst þessi reglugerð vera þróun á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna, í skilningi bókunarinnar sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið, Svissneska ríkjasambandið og Furstadæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna, sem falla innan sviðsins sem um getur í A-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, með hliðsjón af 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2011/350/ESB⁽³⁴⁾.
- 65) Að því er Kýpur varðar telst þessi reglugerð vera gerð, sem er byggð á Schengen-réttarreglunum eða tengd þeim á annan hátt, í skilningi 1. mgr. 3. gr. aðildarlaganna frá 2003.
- 66) Að því er Kýpur varðar er í reglugerð ráðsins (EB) nr. 866/2004⁽³⁵⁾ kveðið á um sértækar reglur sem gilda um línuna milli svæða í Lýðveldinu Kýpur þar sem ríkisstjórn Lýðveldisins Kýpur gerir það ekki. Þótt þessi lína teljist ekki til ytri landamæra, skal samkvæmt þessari reglugerð fara fram eftirlit með öllum einstaklingum sem yfir hana fara um viðurkennda eða ólöglegu landamærastöð, með það að markmiði að berjast gegn ólöglegum fólksflutningum ríkisborgara þriðju landa og greina og koma í veg fyrir hvers konar öryggisáhættu. Af þessu leiðir að skimun á ytri landamærum getur einnig gilt um ríkisborgara þriðju landa sem eru handteknir í tengslum við ólöglegu færslu yfir þessa línu og um þá sem hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd á viðurkenndum landamærastöðvum.
- 67) Danmörk, Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein eru ekki bundin af tilskipun (ESB) 2024/1346. Í þeim ríkjum eru reglur um móttökuskilyrði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd settar í viðeigandi innlendri löggjöf, sem byggist á beitingu Genfarsamningsins um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, eins og bætt var við hann með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967. Að því er þau ríki varðar ber að líta á tilvísanir í þessari reglugerð í þá tilskipun, sem tilvísanir í samsvarandi ákvæði í landslögum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð er komið á:

- skimun ríkisborgara þriðju landa við ytri landamæri aðildarríkjanna, sem hafa farið með ólöglegu hætti yfir ytri landamæri aðildarríkjanna án þess að uppfylla komuskilyrðin sem sett eru fram í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399, hafa sótt um alþjóðlega vernd við landamæraeftirlit eða verið fluttir frá borði eftir að lokinni leitar- og björgunaraðgerð, áður en þeim er vísað til viðeigandi málsmeðferðar og
- skimun ríkisborgara þriðju landa sem dvelja ólöglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna þar sem ekkert bendir til þess að þessir ríkisborgarar þriðju landa hafi sætt eftirliti á ytri landamærunum, áður en þeim er vísað til viðeigandi málsmeðferðar.

Markmið skimunar skal vera að styrkja eftirlit með ríkisborgurum þriðju landa sem fara yfir ytri landamærin, að staðfesta deili á öllum ríkisborgurum þriðju landa sem gangast undir skimun og kanna í viðeigandi gagnagrunnum hvort þeir sem sæta skimun gætu ógnað innra öryggi. Skimunin skal einnig fela í sér bráðabirgðaathugun á heilbrigði og viðkvæmri stöðu til að bera kennsl á einstaklinga sem þarfnast heilbrigðisþjónustu og einstaklinga sem gætu verið ógn við lýðheilsu og til að bera kennsl á einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Slíkt eftirlit mun greiða fyrir því að málum slíkra einstaklinga sé vísað til viðeigandi málsmeðferðar.

Í þessari reglugerð er einnig kveðið á um óháð eftirlitskerfi í hverju aðildarríki til að fylgjast með því að farið sé að lögum Sambandsins og alþjóðalögum, þ.m.t. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálinn um grundvallarréttindi“), meðan á skimun stendur.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „lýðheilsuögn“: ögn við lýðheilsu eins og hún er skilgreind í 21. lið. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/399,
- „sannprófun“: sannprófun eins og hún er skilgreind í 5. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817,
- „staðfesting deila“: að staðfesta deili á einstaklingi, eins og slíkt er skilgreint í 6. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817,

- 4) „ríkisborgari þriðja lands“: ríkisborgari þriðja lands eins og hann er skilgreindur í 6. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399,
- 5) „ríkisfangslaus einstaklingur“: einstaklingur sem ekkert ríki telur til ríkisborgara sinna samkvæmt landslögum,
- 6) „gögn Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins“: gögn Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins eins og þau eru skilgreind í 16. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817,
- 7) „talsmaður“: einstaklingur eða samtök, þ.m.t. opinbert yfirvald, sem lögbær yfirvöld eða stofnanir skipa í stöðu fyrirvarsmanns, aðstoðarmanns og, eftir því sem við á, sem kemur fram fyrir hönd fylgdarlauss, ólöggráða barns,
- 8) „lífkenningar“: lífkennapplýsingar eins og þær eru skilgreindar í 11. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817,
- 9) „ólöggráða barn“: ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur undir 18 ára aldri,
- 10) „skimunaryfirvöld“: öll lögbær yfirvöld, sem eru tilnefnd samkvæmt landslögum til að annast eitt eða fleiri verkefni samkvæmt þessari reglugerð, að undanskildu heilbrigðiseftirlitinu sem um getur í 1. mgr. 12. gr.,
- 11) „fylgdarlaust, ólöggráða barn“: ólöggráða barn sem kemur inn á yfirráðasvæði aðildarríkisins án fylgdar fullorðins einstaklings sem ber ábyrgð á því, samkvæmt lögum eða venju viðkomandi aðildarríkis, og svo lengi sem slíkur einstaklingur tekur slíkt ólöggráða barn ekki að sér í reynd, þ.m.t. barn sem er skilið eftir fylgdarlaust eftir að það kemur inn á yfirráðasvæði aðildarríkis,
- 12) „varðhald“: þegar aðildarríki lokar einstakling inni á tilteknum stað þar sem viðkomandi einstaklingur er sviptur ferðafrelsi,
- 13) „gagnagrunnar Alþjóðasambands sakamálaögreglu (Interpol)“: gagnagrunnar Alþjóðasambands sakamálaögreglu eins og þeir eru skilgreindir í 17. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817,
- 14) „leitar- og björgunaraðgerð“: aðgerð vegna leitar og björgunar eins og um getur í alþjóðasamningi um leit og björgun á sjó sem samþykktur var í Hamborg í Þýskalandi 27. apríl 1979.

3. gr.

Grundvallarréttindi

Við beitingu þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin fara í einu og öllu að lögum Sambandsins, þ.m.t. sáttmálanum, að viðeigandi alþjóðalögum, þ.m.t. Genfarsamningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, eins og bætt var við hann með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, að skuldbindingum sem tengjast aðgangi að alþjóðlegri vernd, einkum meginreglunni um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu, og að grundvallarréttindum.

4. gr.

Tengsl við aðra lagagerninga

1. Að því er varðar ríkisborgara þriðju landa sem sæta skimun og hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd:
 - a) skal skráning umsóknar um alþjóðlega vernd, sem lögð er fram í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1348, ákvörðuð með 27. gr. þeirrar reglugerðar og
 - b) beiting sameiginlegra staðla fyrir móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd í tilskipun (ESB) 2024/1346 skal ákvörðuð í samræmi við 3. gr. þeirrar tilskipunar.
2. Með fyrirvara um 7. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar gildir tilskipun 2008/115/EB eða ákvæði landslaga í samræmi við tilskipun 2008/115/EB einungis eftir að skimun lýkur, að undanskilinni skimuninni sem um getur í 7. gr. þessarar reglugerðar, þar sem sú tilskipun eða ákvæði landslaga, sem eru í samræmi við þá tilskipun, skulu gilda samhliða skimuninni sem um getur í 7. gr. þessarar reglugerðar.

5. gr.

Skimun á ytri landamærunum

1. Skimunin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skal gilda um alla ríkisborgara þriðju landa sem uppfylla ekki komuskilyrðin, sem sett eru fram í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399, óháð því hvort þeir hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd og sem:
 - a) eru handteknir í tengslum við óheimila för yfir ytri landamæri aðildarríkis á landi, sjó eða í lofti, að undanskildum ríkisborgurum þriðju landa sem hlutaðeigandi aðildarríki er ekki skylt að taka lífkennapplýsingar hjá skv. 1. og 4. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 af öðrum ástæðum en vegna aldurs þeirra eða
 - b) eru fluttir frá borði á yfirráðasvæði aðildarríkis í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar.
2. Skimunin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skal gilda um alla ríkisborgara þriðju landa sem hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd á ytri landamæraströðvum eða á gegnumferðarsvæðum og sem uppfylla ekki komuskilyrðin sem sett eru fram í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399.

3. Ríkisborgarar þriðju lands sem hafa heimild til komu skv. 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399 skulu ekki sæta skimun. Ríkisborgarar þriðju lands, sem er heimilt að koma skv. c-lið 5. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar og sem leggja fram umsókn um alþjóðlega vernd, skulu þó sæta skimun.

Ef í ljós kemur við skimun að viðkomandi ríkisborgari þriðja lands uppfyllir komuskilyrðin sem sett eru fram í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399 skal binda enda á skimun hans.

Hætta má skimun ef viðkomandi ríkisborgarar þriðju lands fara frá yfirráðasvæði aðildarríkjanna til upprunalands síns, búsetulands eða til annars þriðja lands sem viðkomandi ríkisborgarar þriðja lands ákveða, að eigin frumkvæði, að snúa aftur til og þar sem endursending þessara ríkisborgara þriðju lands er samþykkt.

6. gr.

Heimild til að koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkis

Einstaklingunum, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr., skal ekki heimilt að koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkis á meðan á skimun stendur. Aðildarríkin skulu í landslögum sínum mæla fyrir um ákvæði til að tryggja að einstaklingar, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr., séu áfram tiltækir fyrir yfirvöld, sem bera ábyrgð á því að framkvæma skimun á tilteknum stöðum, eins og um getur í 8. gr., meðan á skimun stendur, til að koma í veg fyrir hvers konar hættu á að viðkomandi hlaupist á brott, hugsanlegar ógnir við innra öryggi eða mögulegum ógnum við lýðheilsu, sem stafa af slíku brotthlaupi.

7. gr.

Skimun innan yfirráðasvæðisins

1. Aðildarríki skulu aðeins framkvæma skimun ríkisborgara þriðju lands, sem dvelja ólöglega á yfirráðasvæði þeirra, þegar þeir hafa farið yfir ytri landamæri í því skyni að koma með ólögmetum hætti inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og hafa ekki þegar sætt skimun í aðildarríki. Aðildarríkin skulu í landslögum sínum mæla fyrir um ákvæði til að tryggja að þessir ríkisborgarar þriðju lands séu áfram tiltækir fyrir þau yfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd skimunar meðan á henni stendur, til að koma í veg fyrir hvers konar hættu á að þeir hlaupist á brott og hugsanlega ógn við innra öryggi sem stafar af slíku brotthlaupi.

2. Aðildarríkin geta komist hjá því að framkvæma skimun í samræmi við 1. mgr. ef ríkisborgari þriðja lands, sem dvelur ólöglega á yfirráðasvæði þeirra, er tafarlaust sendur til baka til annars aðildarríkis eftir að hafa verið handtekinn, samkvæmt tvíhliða samningum eða samkomulagi eða samkvæmt tvíhliða samstarfsrömmum. Í því tilviki skal aðildarríkið, sem viðkomandi ríkisborgari þriðja lands hefur verið sendur til baka til, framkvæma skimunina.

3. Ákvæði annarrar og þriðju undirgreinar 3. mgr. 5. gr. gilda um skimun í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Kröfur varðandi skimunina

1. Í tilvikum sem um getur í 5. gr. skal skimunin fara fram á hverjum þeim stað sem telja má viðeigandi og fullnægjandi og sem tilgreindur er af hverju aðildarríki, sem er að öllu jöfnu staðsettur á eða nálægt ytri landamærum eða á öðrum stöðum innan yfirráðasvæðis þess.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í 7. gr. skal skimunin fara fram á hverjum þeim stað sem telja má viðeigandi og fullnægjandi og sem tilgreindur er af hverju aðildarríki á yfirráðasvæði aðildarríkis.

3. Í þeim tilvikum sem um getur í 5. gr. þessarar reglugerðar skal skimun framkvæmd tafarlaust og ávallt lokið innan sjö daga frá handtöku á ytri landamærasvæðinu, frá því að farið er frá borði á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis eða frá því að komið er á landamærastöð. Að því er varðar einstaklinga sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar og 1. og 4. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 gilda um, ef þessir einstaklingar dvelja lengur en 72 klukkustundir við ytri landamærin skal skimun þeirra framkvæmd eftir það og skimunartíminn stuttur í fjóra daga.

4. Skimunin, sem um getur í 7. gr., skal framkvæmd án tafar og henni skal lokið innan þriggja daga frá því að viðkomandi ríkisborgari þriðja lands er handtekinn.

5. Skimunin skal ná yfir eftirfarandi þætti:

- bráðabirgðaheilbrigðiseftirlit í samræmi við 12. gr.,
- bráðabirgðaathugun á viðkvæmri stöðu í samræmi við 12. gr.,
- staðfestingu eða sannprófun deila í samræmi við 14. gr.,
- skráningu lífkennaupplýsinga í samræmi við 15., 22., 23. og 24. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, að því marki sem það hefur ekki enn verið gert,
- öryggisathugun í samræmi við 15. og 16. gr.,
- útfyllingu á skimunareyðublaði í samræmi við 17. gr.,
- vísun mála til viðeigandi málsmeðferðar í samræmi við 18. gr.

6. Stofnanir eða fyrirtæki og aðilar sem veita ráðleggingar og ráðgjöf skulu hafa greiðan aðgang að ríkisborgurum þriðju lands meðan á skimun stendur. Aðildarríkin geta kveðið á um takmarkanir á slíkum aðgangi samkvæmt landslögum þegar slíkar takmarkanir eru í raun nauðsynlegar vegna öryggis, allsherjarreglu eða stjórnsýslu landa-

mærastöðvar eða aðstöðu þar sem skimun fer fram, að því tilskildu að slíkur aðgangur sé ekki háður ströngum takmörkunum eða ógerlegur.

7. Að því er varðar ríkisborgara þriðju landa sem ekki hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd gilda viðeigandi reglur um varðhald, sem settar eru fram í tilskipun 2008/115/EB.

8. Aðildarríki skulu tryggja að öllum einstaklingum, sem sæta skimun, séu tryggð lífskjör sem tryggja framfærslu þeirra, vernda líkamlegt og andlegt heilbrigði þeirra og virða réttindi þeirra samkvæmt sáttmálanum um grundvallarréttindi.

9. Aðildarríki skulu tilnefna skimunaryfirvöld og tryggja að starfsfólk þessara yfirvalda, sem framkvæmir skimunina, hafi viðeigandi þekkingu og hafi fengið nauðsynlega þjálfun í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að heilbrigðisstarfsfólk með tilskilin réttindi annist bráðabirgðaheilbrigðiseftirlitið sem kveðið er á um í 12. gr., og að sérhæft starfsfólk skimunaryfirvalda, sem hefur hlotið þjálfun í þeim tilgangi, annist bráðabirgðaathugunina á viðkvæmri stöðu sem kveðið er á um í þeirri grein. Landsbundin barnaverndaryfirvöld og landsyfyrirvöld, sem bera ábyrgð á að greina og bera kennsl á fórnarlömb mansals eða sambærilegt fyrirkomulag, skulu einnig taka þátt í þessu eftirliti, eftir því sem við á.

Aðildarríkin skulu einnig tryggja að eingöngu starfsfólk skimunaryfirvalda, með tilskilda heimild, sem ber ábyrgð á staðfestingu og sannprófun deila og framkvæmd öryggisathugunarinnar hafi aðgang að gögnum, kerfum og gagnagrunnum sem um getur í 14. og 15. gr.

Aðildarríkin skulu hafa á að skipa hæfu starfsfólki og næg úrræði til að framkvæma skimunina með skilvirkum hætti.

Við skimun geta skimunaryfirvöld notið aðstoðar eða stuðnings sérfræðinga eða tengifulltrúa og teyma, sem Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu og Hælisstofnun Evrópusambandsins senda á vettvang, innan þeirra marka sem umboð þeirra heimilar, að því tilskildu að slíkir sérfræðingar eða tengifulltrúar og teymi hafi hlotið viðeigandi þjálfun eins og um getur í fyrstu og annarri undirgrein.

9. gr.

Skyldur ríkisborgara þriðju landa sem sæta skimun

1. Ríkisborgarar þriðju landa, sem sæta skimun, skulu vera til reiðu fyrir skimunaryfirvöld á meðan á skimun stendur.
2. Ríkisborgarar þriðju landa skulu:
 - a) tilgreina nafn sitt, fæðingardag og -ár, kyn og þjóðerni og leggja fram skjöl og upplýsingar, ef tiltækar eru, sem staðfesta þessi gögn,
 - b) láta lífkennaupplýsingar í té, eins og um getur í reglugerð (ESB) 2024/1358.

10. gr.

Eftirlit með grundvallarréttindum

1. Aðildarríkin skulu samþykkja viðeigandi ákvæði til að rannsaka staðhæfingar um að grundvallarréttindi séu ekki virt í tengslum við skimunina.

Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, tryggja að máli sé vísað áfram til að hefja meðferð fyrir dómstólum í einkamálum eða sakamálum ef grundvallarréttindi eru ekki virt eða þeim er ekki framfylgt, í samræmi við landslög.

2. Sérhvert aðildarríki skal sjá fyrir óháðu eftirlitskerfi, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari grein, sem skal:

- a) fylgjast með því að á meðan á skimun stendur sé farið að lögum Sambandsins og alþjóðalögum, þ.m.t. sáttmálanum um grundvallarréttindi, einkum að því er varðar aðgang að meðferð umsókna um hæli, meginregluna um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu, hagsmuni barnsins og viðeigandi reglur um varðhald, þ.m.t. viðeigandi ákvæði um gæsluvarðhald í landslögum, og
- b) tryggja að tekið sé með skilvirkum hætti á rökstuddum staðhæfingum um að grundvallarréttindi séu ekki virt í öllum viðeigandi aðgerðum í tengslum við skimunina og setja af stað, án ótilhlýðilegrar tafar og ef nauðsyn krefur, rannsóknir á slíkum staðhæfingum og fylgjast með framvindu slíkra rannsókna.

Óháða eftirlitskerfið skal taka til allrar starfsemi sem aðildarríkin annast til framkvæmdar þessari reglugerð.

Það skal vera í valdi óháða eftirlitskerfisins að gefa út árlæg tilmæli til aðildarríkjanna.

Aðildarríkin skulu koma á fullnægjandi verndarráðstöfunum til að tryggja sjálfstæði óháða eftirlitskerfisins. Landsbundnir umboðsmenn og landsbundnar mannréttindastofnanir, þ.m.t. innlendar forvarnastofnanir sem komið var á fót á grundvelli valfrjálsu bókunarinnar um samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu (OPCAT), skulu taka þátt í starfi óháða eftirlitskerfisins og má tilnefna þau til að annast öll verkefni kerfisins eða hluta þeirra. Viðeigandi alþjóðleg og frjáls félagasamtök og opinberir aðilar, sem eru óháðir þeim yfirvöldum sem framkvæma skimunina, geta einnig tekið þátt í starfi óháða eftirlitskerfisins. Að því marki sem ein eða fleiri þessara stofnana, samtaka eða aðila taka ekki beinan þátt í óháða eftirlitskerfinu skal óháða

eftirlitskerfið koma á nánnum tengslum við þau og viðhalda þeim. Óháða eftirlitskerfið skal koma á og viðhalda nánnum tengslum við landsbundin persónuverndaryfirvöld og Evrópsku persónuverndarstofnunina.

Óháða eftirlitskerfið skal sinna verkefnum sínum á grundvelli vettvangseftirlits og fyrirvaralaus eftirlits af handahófi. Aðildarríkin skulu sjá óháða eftirlitskerfinu fyrir aðgangi að öllum viðkomandi stöðum, þ.m.t. aðstöðu fyrir móttöku og varðhald, einstaklingum og gögnum, að því marki sem slíkur aðgangur er nauðsynlegur til að óháða eftirlitskerfið geti uppfyllt þær skyldur sem settar eru fram í þessari grein. Aðgangur að viðkomandi svæðum eða trúnaðarflokkuðum upplýsingum skal aðeins veita einstaklingum sem starfa fyrir hönd óháða eftirlitskerfisins og hafa fengið viðeigandi öryggisvottun, sem lögbært yfirvald gefur út í samræmi við landslög.

Evrópustofnun um grundvallarréttindi skal gefa út almennar leiðbeiningar fyrir aðildarríkin um að koma á fót eftirlitskerfi og um óháða starfsemi þess. Aðildarríkin geta beðið Evrópustofnun um grundvallarréttindi um að styðja þau við þróunina á óháðu eftirlitskerfunum þeirra, þ.m.t. verndarráðstafanir til að tryggja óhæði slíkra kerfa, ásamt aðferðafræði við eftirlitið og viðeigandi þjálfunaráætlunum.

Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til niðurstaðna óháðu eftirlitskerfanna við mat sitt á skilvirkni beitingu og framkvæmd sáttmálans um grundvallarréttindi skv. 1. mgr. 15. gr. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1060 ⁽³⁶⁾.

3. Óháða eftirlitskerfið, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal ekki hafa áhrif á eftirlitskerfið er varðar eftirlit með rekstrarlegri og tæknilegri framkvæmd samevrópska hæliskerfisins (e. Common European Asylum System), eins og sett er fram í 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2303, og hlutverk eftirlitsmanna grundvallarréttinda við að fylgjast með því að grundvallarréttindi séu virt í allri starfsemi Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu eins og sett er fram í 80. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1896.

4. Aðildarríkin skulu útvega sjálfstæða eftirlitskerfinu, sem um getur í 2. mgr., viðeigandi fjárhagsleg úrræði.

11. gr.

Tilhögun upplýsingamiðlunar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ríkisborgarar þriðju landa sem sæta skimun séu upplýstir um:

- tilgang, tímalengd og þætti skimunarinnar, sem og hvernig hún er framkvæmd og hugsanlegar niðurstöður hennar,
- réttinn til að sækja um alþjóðlega vernd og gildandi reglur um gerð umsóknar um alþjóðlega vernd, eftir atvikum við þær aðstæður sem tilgreindar eru í 30. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, og, að því er varðar þá ríkisborgara þriðju landa sem hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd, skyldur og afleiðingar þess að uppfylla þær ekki, sem mælt er fyrir um í 17. og 18. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351,
- réttindi og skyldur ríkisborgara þriðju landa meðan á skimun stendur, þ.m.t. skyldur þeirra skv. 9. gr., og möguleikann á gagnvirku sambandi við stofnanir eða fyrirtæki og aðila sem um getur í 6. mgr. 8. gr.,
- réttindi sem gildandi lög Sambandsins um persónuvernd veita skráðum einstaklingum, einkum reglugerð (ESB) 2016/679.

2. Aðildarríkin skulu einnig tryggja, eftir því sem við á, að ríkisborgarar þriðju landa sem sæta skimun séu upplýstir um:

- gildandi reglur um skilyrði fyrir komu ríkisborgara þriðju landa í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/399 sem og önnur skilyrði fyrir komu, dvöl og búsetu í viðkomandi aðildarríki, að því marki sem þær upplýsingar hafa ekki þegar verið veittar,
- skylduna til að snúa aftur í samræmi við tilskipun 2008/115/EB og möguleikana á að skrá sig í áætlun sem veitir aðstoð við flutninga, fjárhagslega og aðra efnislega aðstoð í þeim tilgangi að styðja brottför af frjálsum vilja,
- skilyrði tilflutnings í samræmi við 67. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 eða annars fyrirliggjandi kerfis sem miðar að samstöðu.

3. Upplýsingarnar, sem veittar eru við skimunina, skulu veittar á tungumáli sem viðkomandi ríkisborgari þriðja lands skilur eða sem raunhæft er að ætla að hann skilji. Upplýsingarnar skulu veittar skriflega, á pappír eða á rafrænu formi og, ef nauðsyn krefur, munnlega með aðstoð túlkaþjónustu. Ef um er að ræða ólöggráða börn skulu upplýsingarnar veittar á barnvænan hátt og þannig að hæfi aldri þeirra og með aðkomu talsmannsins eða aðilans sem um getur í 2. og 3. mgr. 13. gr. Skimunaryfirvöld geta gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að menningartengd sáttamiðlunarþjónusta sé tiltæk til að greiða fyrir aðgangi að málsmeðferð vegna alþjóðlegrar verndar.

4. Aðildarríkin geta samkvæmt landslögum heimilað viðeigandi og þar til bærnum landsbundnum, alþjóðlegum og frjálsum stofnunum eða fyrirtækjum og aðilum að veita ríkisborgurum þriðju landa upplýsingarnar, sem um getur í þessari grein, við skimun.

12. gr.

Bráðabirgðaheilbrigðiseftirlit og viðkvæm staða

1. Ríkisborgarar þriðju landsa sem sæta skimun, sem um getur í 5. og 7. gr., skulu gangast undir bráðabirgða-heilbrigðiseftirlit hjá heilbrigðisstarfsfólki með tilskilin réttindi, með það fyrir augum að greina hvers konar þarfir fyrir heilbrigðisþjónustu eða einangrun á grundvelli lýðheilsu. Heilbrigðisstarfsfólk með tilskilin réttindi getur ákveðið, á grundvelli heilsufarsástands ríkisborgara þriðja lands, að ekki sé þörf á frekari heilbrigðissskoðun meðan á skimun stendur. Ríkisborgarar þriðju landsa sem gangast undir skimunina, sem um getur í 5. og 7. gr., skulu hafa aðgang að læknishjálp í bráðatilvikum og brýnni meðhöndlun sjúkdóma.
2. Með fyrirvara um þær skyldur aðildarríkjanna sem mælt er fyrir um í 24. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, getur heilbrigðiseftirlitið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að því er varðar ríkisborgara þriðju landsa sem hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd verið hluti af lækni-sskoðuninni sem um getur í 24. gr. þeirrar reglugerðar.
3. Ríkisborgarar þriðju landsa sem sæta skimun, sem um getur í 5. og 7. gr., skulu gangast undir bráðabirgðaathugun á viðkvæmri stöðu hjá sérhæfðu starfsfólki skimunaryfirvalda sem hlotið hefur þjálfun í þeim tilgangi, í því skyni að greina hvort ríkisborgari þriðja landsa kunni að vera ríkisfangslaus einstaklingur, í viðkvæmri stöðu eða fórnarlamb pyndinga eða annarrar ómannúðlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða hafa sérþarfir í skilningi tilskipunar 2008/115/EB, 25. gr. tilskipunar (ESB) 2024/1346 og 20. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348. Að því er varðar þessa athugun á viðkvæmri stöðu geta skimunaryfirvöld notið aðstoðar frjálsra stofnana og fyrirtækja og, ef við á, heilbrigðisstarfsfólks með tilskilin réttindi.
4. Ef visbendingar eru um viðkvæma stöðu eða sérstakar þarfir við móttöku eða málsmeðferð skal hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja landsa fá tímanlegan og fullnægjandi stuðning í viðunandi aðstöðu, með hliðsjón af líkamlegri og andlegri heilsu þeirra. Þegar um er að ræða ólöggráða börn skal starfsfólk sem hlotið hefur þjálfun og hæfni í málum ólöggráða barna veita þeim stuðning á barnvænan hátt og þannig að hæfi aldri þeirra og í samvinnu við landsbundin barnaverndaryfirvöld.
5. Með fyrirvara um matið á sérstökum þörfum við móttöku sem krafist er samkvæmt tilskipun (ESB) 2024/1346, matið á sérstökum þörfum við málsmeðferð sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1348 og athugun á viðkvæmri stöðu sem krafist er samkvæmt tilskipun 2008/115/EB, getur bráðabirgðaathugun á viðkvæmri stöðu, sem um getur í 3. og 4. mgr. þessarar greinar verið hluti af matinu á viðkvæmri stöðu og sérstöku málsmeðferðarmati sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð og þessum tilskipunum.

13. gr.

Atriði sem ólöggráða börnum skulu tryggð

1. Við skimun skal það sem er barninu fyrir bestu ávallt hafa forgang, í samræmi við 2. mgr. 24. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi.
2. Meðan á skimun stendur skal hinu ólöggráða barni fylgja fullorðinn aðstandandi, ef hann er til staðar.
3. Aðildarríkin skulu, eins fljótt og auðið er, gera ráðstafanir til að tryggja að talsmaður eða, hafi talsmaður ekki verið skipaður, einstaklingur sem hefur hlotið þjálfun til að vernda hagsmuni og almenna velliðan ólöggráða barnsins, fylgi og aðstoði fylgdarlausu, ólöggráða barnið meðan á skimun stendur á barnvænan hátt og þannig að hæfi aldri þeirra og á tungumáli sem hann eða hún skilur. Sá einstaklingur ætti að vera sá sem tilnefndur er til að koma til bráðabirgða fram sem talsmaður samkvæmt tilskipun (ESB) 2024/1346, hafi sá einstaklingur verið tilnefndur samkvæmt þeirri tilskipun.
- Talsmaðurinn skal búa yfir nauðsynlegri færni og sérþekkingu, þ.m.t. varðandi meðferð og sérstakar þarfir ólöggráða barna. Talsmaðurinn skal starfa til að vernda bestu hagsmuni og almenna velferð ólöggráða barnsins og þannig að hið fylgdarlausu, ólöggráða barn geti notið góðs af réttindunum og uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.
4. Einstaklingur sem ber ábyrgð á því að fylgja fylgdarlausu, ólöggráða barni og aðstoða það, í samræmi við 3. mgr., skal ekki vera aðili sem ber ábyrgð á neinum þáttum skimunarinnar, hann skal starfa sjálfstætt og ekki taka við skipunum, hvorki frá einstaklingum sem bera ábyrgð á skimuninni né frá skimunaryfirvöldum. Þessir einstaklingar skulu gegna skyldum sínum í samræmi við meginregluna um það sem barninu er fyrir bestu og hafa til þess nauðsynlega sérþekkingu og þjálfun. Til að tryggja velliðan og félagslegan þroska ólöggráða barnsins skal aðeins skipta um þann einstakling ef nauðsyn krefur.
5. Aðildarríki skulu setja hóflegan og takmarkaðan fjölda fylgdarlausra, ólöggráða barna í umsjá talsmanns eða einstaklings, eins og um getur í 3. mgr., og, undir venjulegum kringumstæðum, ekki fleiri en þrjátíu fylgdarlaus, ólöggráða börn í einu til að tryggja að þessi talsmaður eða einstaklingur geti sinnt verkefnum sínum með skilvirkum hætti.
6. Sú staðreynd að talsmaður hefur ekki verið skipaður eða einstaklingur sem gegnir tímabundið hlutverki talsmanns hefur ekki verið tilnefndur samkvæmt tilskipun (ESB) 2024/1346 skal ekki koma í veg fyrir að fylgdarlaust, ólöggráða barn geti nýtt sér rétt sinn til að sækja um alþjóðlega vernd.

14. gr.

Staðfesting eða sannprófun deila

1. Að því marki sem slíkt hefur enn ekki átt sér stað við beitingu 8. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399 skal sannprófa eða staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju landa sem látnir eru sæta skimun skv. 5. eða 7. gr. þessarar reglugerðar með því að nota, eftir atvikum, eftirfarandi:

- a) persónuskilríki, ferðaskilríki eða önnur skilríki,
- b) gögn eða upplýsingar sem hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands veitir eða eru fengnar frá honum og
- c) lífkennaupplýsingar.

2. Að því er varðar staðfestingu og sannprófun deila sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu skimunaryfirvöld, með því að nota gögnin eða upplýsingarnar sem um getur í þeirri málsgrein, leita í sameiginlega auðkennasafninu (CIR), sem komið var á fót með reglugerðum (ESB) 2019/817 og (ESB) 2019/818, skv. 20. gr. a í reglugerð (ESB) 2019/817 og skv. 20. gr. a í reglugerð (ESB) 2019/818, leita í Schengen-upplýsingakerfinu (SIS) sem komið var á fót með reglugerðum (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861 og (ESB) 2018/1862 og, ef við á, leita í landsbundnu gagnagrunnum í samræmi við gildandi landslög. Lífkennaupplýsingar ríkisborgara þriðja lands sem sætir skimun skulu teknar einu sinni, bæði til þess staðfesta eða sannprófa deili á viðkomandi einstaklingi og til að skrá hann í evrópska fingrafaragrunninn í samræmi við 15. gr. (b-liður 1. mgr.), 22., 23. og 24. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, eftir því sem við á.

3. Leitarfyrirspurn í sameiginlega auðkennasafninu, sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, skal sett af stað í evrópsku leitargáttinni í samræmi við II. kafla reglugerðar (ESB) 2019/817 og II. kafla reglugerðar (ESB) 2019/818.

Ef það er tæknilega ómögulegt að nota evrópsku leitargáttina til að leita í einu eða fleiri upplýsingakerfum ESB eða sameiginlega auðkennasafninu gildir fyrsta undirgrein þessarar málsgreinar ekki og skimunaryfirvöld skulu tengjast upplýsingakerfum ESB eða sameiginlega auðkennasafninu beint.

Þessi málsgrein hefur ekki áhrif á aðgang skimunaryfirvalda að Schengen-upplýsingakerfinu þar sem notkun á evrópsku leitargáttinni skal áfram vera valkvæð.

4. Ef ekki er hægt að nota lífkennaupplýsingar ríkisborgara þriðja lands eða ef leitarfyrirspurn með þeim gögnum sem um getur í 2. mgr. ber ekki árangur eða skilar engum niðurstöðum, skal leitarfyrirspurnin framkvæmd með því að nota auðkennisupplýsingar ríkisborgara þriðja lands, ásamt hvers kyns gögnum sem finna má í persónuskilríkjum, ferðaskilríkjum eða öðrum skilríkjum eða einhverjum þeim gögnum eða upplýsingum sem um getur í b-lið 1. mgr.

5. Framkvæma skal leitir með lífkennaupplýsingum í Schengen-upplýsingakerfinu í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861 og 43. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862.

6. Athuganirnar skulu einnig, ef unnt er, fela í sér sannprófun á a.m.k. einu af lífkennunum sem felld eru inn í persónuskilríki, ferðaskilríki eða önnur skilríki.

15. gr.

Öryggisathugun

1. Ríkisborgarar þriðju landa sem sæta skimunum skv. 5. eða 7. gr. skulu gangast undir öryggisathugun til að sannreyna hvort þeir gætu verið ógn við innra öryggi. Þessi öryggisathugun getur bæði tekið til ríkisborgara þriðju landa og þeirra hluta sem þeir hafa í vörslu sinni. Lög hlutaðeigandi aðildarríkis gilda um allar leitir sem eru framkvæmdar.

2. Að því er varðar öryggisathugunina sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og að því marki sem hún hefur ekki þegar verið gerð á meðan á athuguninum, sem um getur í 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399, stóð, skal leitað í víðeigandi gagnagrunnum Sambandsins, einkum Schengen-upplýsingakerfinu, komu- og brottfararkerfinu sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2017/2226, evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfinu (ETIAS), sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2018/1240, þ.m.t. gátlisti ETIAS-ferðaheimildakerfisins sem um getur í 34. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, sem komið var á fót með ákvörðun 2004/512/EB og miðlæga kerfinu til að greina hvaða aðildarríki búa yfir upplýsingum um refsíðoma ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2019/816 (upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfið), gögnum Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins sem unnin eru í þeim tilgangi sem um getur í a-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794 og gagnagrunnum Alþjóðasambands sakamálaöfgreglu, eins og kveðið er á um í 16. gr. þessarar reglugerðar. Einnig er heimilt að leita í víðeigandi landsbundnum gagnagrunnum í þessum tilgangi.

3. Að því er varðar leit í komu- og brottfararkerfinu, ETIAS-ferðaheimildakerfinu, að undanskildum gátlista ETIAS-ferðaheimildakerfisins sem um getur í 34. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, og upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir skv. 2. mgr. þessarar greinar skulu gögnin sem sótt eru takmörkuð við upplýsingar um synjun um komu, synjun, ógildingu eða afturköllun ferðaheimildar, eða ákvarðanir um að synja, ógilda eða afturkalla vegabréfsáritun, vegabréfsáritun til langrar dvalar eða dvalarleyfi, eftir því sem við á, sem byggjast á öryggisástæðum.

Skili leit í Schengen-upplýsingakerfinu jákvæðri niðurstöðu skal skimunaryfirvaldið, sem framkvæmir leitina, hafa aðgang að gögnum sem eru í skráningunni.

4. Að því er varðar leit í ECRIS-TCN-sakaskráakerfinu skulu gögnin sem sótt eru takmörkuð við sakfellingar í tengslum við hryðjuverk og annars konar alvarlega refsiverða verknaði sem um getur í c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816.

5. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem sett er fram ítarleg málsmeðferð og nákvæmar skilgreiningar um heimt gagna. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

16. gr.

Fyrirkomulag við staðfestingu deila og öryggisathuganir

1. Fyrir leitir sem varða upplýsingakerfi ESB er heimilt að setja leitarfyrirspurnirnar sem kveðið er á um í 2. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 15. gr., af stað í gögnum Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins, gagnagrunnum Alþjóðasambands sakamálaögreglu, í Evrópsku leitargáttinni í samræmi við II. kafla reglugerðar (ESB) 2019/817 og II. kafla reglugerðar (ESB) 2019/818.

2. Ef jákvæð niðurstaða hefur fengist í kjölfar leitarfyrirspurnar, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr., í gögnum í einu af upplýsingakerfum ESB, skulu skimunaryfirvöld hafa aðgang til að fletta upp í gögnum sem svara til þeirrar jákvæðu niðurstöðu í viðkomandi upplýsingakerfum ESB, með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í lagagermingunum sem gilda um slíkan uppflettiadgang.

3. Þegar jákvæð niðurstaða hefur fengist í kjölfar leitarfyrirspurnar í Schengen-upplýsingakerfinu skulu skimunaryfirvöld fylgja verklagsreglunum sem settar eru fram í reglugerðum (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861 eða (ESB) 2018/1862, þ.m.t. að hafa samráð við skráningaraðildarríkið fyrir milligöngu SIRENE-skrifstofanna sem um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1861 og í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862.

4. Þegar persónuupplýsingar ríkisborgara þriðja lands samsvara persónuupplýsingum einstaklings sem skráðar eru í ECRIS-TCN-sakaskráakerfið og merktar í samræmi við c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 má einungis nota gögnin í þeim tilgangi að framkvæma öryggisathugunina sem um getur í 15. gr. þessarar reglugerðar og til að fletta upp í sakaskráum aðildarríkis, sem skal vera í samræmi við 7. gr. c í þeirri reglugerð. Fletta skal upp í innlendum sakaskráum áður en álit er sent, skv. 7. gr. c þeirrar reglugerðar.

5. Ef leitarfyrirspurn, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr., leiðir í ljós samsvörun við gögn Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins skal senda sjálfvirka tilkynningu, sem inniheldur gögnin sem notuð eru við leitarfyrirspurnina, til Löggæslusamvinnustofnunarinnar í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/794 svo Löggæslusamvinnustofnunin geti gripið til viðeigandi framhaldsaðgerða, ef þörf krefur, með því að nota samskiptaleiðirnar sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.

6. Framkvæma skal leitarfyrirspurnir í gagnagrunnum Alþjóðasambands sakamálaögreglu, sem kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr. þessarar reglugerðar, í samræmi við 5. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817. Ef ekki er mögulegt að framkvæma slíkar leitarfyrirspurnir þannig að engar upplýsingar séu gefnar eiganda skráningarinnar hjá Alþjóðasambandi sakamálaögreglu skal skimunin ekki fela í sér leit í gagnagrunnum Alþjóðasambands sakamálaögreglu.

7. Að fenginni jákvæðri niðurstöðu á gátlista ETIAS-ferðaheimildakerfisins, sem um getur í 34. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, gildir 35. gr. a þeirrar reglugerðar.

8. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að tilgreina tilhögun samvinnu milli yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd skimunar, aðalskrifstofu Alþjóðasambands sakamálaögreglu og landsdeilda Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins, eftir því sem við á, til að ákvarða hvort innra öryggi sé ógnað. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

17. gr.

Skimunareyðublað

1. Að því er varðar einstaklinga sem um getur í 5. og 7. gr. skulu skimunaryfirvöld útbúa eyðublað þar sem eftirfarandi kemur fram:

- a) nafn, fæðingardagur, -ár og -staður og kyn,
- b) upplýsingar um ríkisföng eða ríkisfangsleysi, búsetulönd fyrir komu og tungumál sem töluð eru,
- c) ástæða þess að skimunin var framkvæmd,
- d) upplýsingar um bráðabirgðaheilbrigðisefirlit sem framkvæmt hefur verið í samræmi við 1. mgr. 12. gr., þ.m.t. ef ekki var þörf á frekari heilbrigðissskoðun á grundvelli aðstæðna varðandi almennt ástand hvers ríkisborgara þriðja lands,
- e) viðeigandi upplýsingar um bráðabirgðaathugun á viðkvæmri stöðu sem fram fer í samræmi við 3. mgr. 12. gr., einkum tilgreinda viðkvæma stöðu eða tilgreindar sérstakar þarfir við móttöku eða málsmeðferð,
- f) upplýsingar um hvort viðkomandi ríkisborgari þriðja lands hafi lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd,

- g) upplýsingar sem viðkomandi ríkisborgari þriðja lands hefur veitt um það hvort hann eða hún eigi aðstandendur sem eru á yfirráðasvæði einhvers aðildarríkis,
 - h) hvort leit í viðeigandi gagnagrunnum, í samræmi við 15. gr., hafi leitt til jákvæðrar niðurstöðu,
 - i) hvort viðkomandi ríkisborgari þriðja lands hafi uppfyllt skyldur sínar um samstarf í samræmi við 9. gr.
2. Eyðublaðið sem um getur í 1. mgr. skal, ef við á, tiltaka:
- a) ástæðu fyrir ólögumætri komu,
 - b) upplýsingar um ferðaleiðir, þ.m.t. brottfararstað, fyrri búsetustaði, þriðju gegnumferðarlönd, þriðju lönd þar sem kann að hafa verið leitað eftir alþjóðlegri vernd eða hún veitt og fyrirhugaðan ákvörðunarstað innan Sambandsins,
 - c) ferða- eða persónuskilríki sem ríkisborgarar þriðju landa hafa meðferðis,
 - d) allar athugasemdir og aðrar viðkomandi upplýsingar, þ.m.t. allar tengdar upplýsingar ef grunur leikur á að um smygl eða mansal sé að ræða.

3. Upplýsingarnar á eyðublaðinu sem um getur í 1. mgr. skal skrá þannig að hægt sé að skjóta þeim til stjórnsýslustofnunar og dómstóla við síðari hælís- eða endursendingarmálsmeðferðar.

Tilgreint skal hvort upplýsingarnar, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., séu staðfestar af skimunaryfirvöldum eða tilgreindar af viðkomandi einstaklingi.

Upplýsingar á eyðublaðinu skulu gerðar aðgengilegar hlutaðeigandi einstaklingi, annaðhvort á pappír eða á rafrænu formi. Upplýsingarnar sem um getur í h-lið 1. mgr. þessarar málsgreinar skulu vera afmáðar. Áður en eyðublaðið er sent til viðkomandi yfirvalda, eins og um getur í 1., 2., 3. og 4. mgr. 18. gr., skal aðilanum sem sætir skimun gefast kostur á að tilgreina hvort upplýsingarnar á eyðublaðinu séu rangar. Skimunaryfirvöld skulu skrá slíkar ábendingar með viðeigandi upplýsingum eins og um getur í þessari grein.

18. gr.

Lok skimunar

1. Þegar skimun er lokið eða, í síðasta lagi, þegar frestirnir sem settir eru í 8. gr. þessarar reglugerðar renna út, skal vísa ríkisborgurum þriðju landa, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar og hafa ekki lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd, til yfirvalda sem eru lögbær til að beita málsmeðferðarreglum í samræmi við tilskipun 2008/115/EB, með fyrirvara um beitingu 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399.

Eyðublaðið sem um getur í 17. gr. skal sent til þeirra yfirvalda sem ríkisborgara þriðja lands er vísað til.

2. Ríkisborgurum þriðju landa, sem um getur í 5. og 7. gr., sem hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd, skal vísað til þeirra yfirvalda sem eru lögbær til að skrá umsóknina um alþjóðlega vernd.

Eyðublaðið sem um getur í 17. gr. skal sent til þeirra yfirvalda sem ríkisborgara þriðja lands er vísað til.

3. Ef viðkomandi ríkisborgari þriðja lands á að sæta tilflutningi í samræmi við 67. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 eða í samræmi við annað fyrirkomulag sem er fyrir hendi sem miðar að samstöðu, skal vísa viðkomandi ríkisborgara þriðja lands til viðeigandi yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkja ásamt eyðublaðinu sem um getur í 17. gr. þessarar reglugerðar.

4. Ríkisborgarar þriðju landa sem um getur í 7. gr. þessarar reglugerðar, sem ekki hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd, skulu áfram sæta málsmeðferð til endursendingar sem er í samræmi við tilskipun 2008/115/EB.

Eyðublaðið sem um getur í 17. gr. skal sent til þeirra yfirvalda sem ríkisborgara þriðja lands er vísað til.

5. Skimun lýkur þegar ríkisborgurum þriðju landa, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og í 7. gr. þessarar reglugerðar, er vísað til viðeigandi málsmeðferðar varðandi alþjóðlega vernd, til málsmeðferðar sem er í samræmi við tilskipun 2008/115/EB eða til viðeigandi yfirvalda annars hlutaðeigandi aðildarríkis að því er varðar ríkisborgara þriðju landa sem eiga að sæta tilflutningi. Ef ekki er lokið við allar athuganir innan þess frests sem um getur í 8. gr. þessarar reglugerðar skal skimun engu að síður hætt með tilliti til einstaklingsins, sem skal vísað til viðeigandi málsmeðferðar.

6. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki skimun þegar, í samræmi við landsbundinn refsirétt, ríkisborgari þriðja lands sem um getur í 5. eða 7. gr. þessarar reglugerðar fellur undir landsbundna meðferð sakamála eða framsalsmeðferð. Ef skimunin er þegar hafin skal senda eyðublaðið, sem um getur í 17. gr. þessarar reglugerðar, ásamt upplýsingum um aðstæður sem leiddu til þess að skimuninni var hætt, til yfirvalda sem eru lögbær til að beita málsmeðferðarreglum sem samrýmast tilskipun 2008/115/EB eða, ef ríkisborgari þriðja lands hefur lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd, til yfirvaldanna sem samkvæmt landslögum eru lögbær til að skrá umsóknir um alþjóðlega vernd.

7. Persónuupplýsingum sem eru geymdar samkvæmt þessari reglugerð skal eytt í samræmi við tímamörkin sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2024/1358.

19. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

20. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 767/2008

Ákvæðum 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Uppflettaaðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir hafa eingöngu starfsmenn með tilskilda heimild hjá:

- a) landsyfirvöldum hvers aðildarríkis og aðilum Sambandsins sem eru lögbærir í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 15.–22. gr., 22. gr. g–22. gr. m og 45. gr. e í þessari reglugerð,
- b) miðlægi einingu ETIAS-ferðaheimildakerfisins og landsskrifstofum ETIAS-ferðaheimildakerfisins, sem tilnefndar eru skv. 7. og 8. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 18. gr. c og 18. gr. d í þessari reglugerð og að því er varðar reglugerð (ESB) 2018/1240,
- c) skimunaryfirvöldum, eins og þau eru skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 (*¹), í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 15. og 16. gr. þeirrar reglugerðar,
- d) landsyfirvöldum hvers aðildarríkis og aðilum Sambandsins sem eru lögbærir í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 20. gr., 20. gr. a og 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817.

Slíkur aðgangur skal takmarkast við þau gögn sem starfsfólk þarf til geta sinnt verkefnum sínum í þessum tilgangi og vera í samræmi við þau markmið sem stefnt er að.

(*¹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 frá 14. maí 2024 um innleiðingu skimunar ríkisborgara þriðju landa á ytri landamærunum og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/817 (Stjtið. ESB L, 2024/1356, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1356/oj>).“

- 2) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a. Skimunaryfirvöld, eins og þau eru skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, skulu einnig hafa aðgang að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir til að fletta upp í gögnunum til að framkvæma öryggisathugun í samræmi við 2. mgr. 15. gr. þeirrar reglugerðar.

Leit í samræmi við þessa málsgrein skal framkvæmd með því að nota gögnin sem um getur í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 og skal upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir skila jákvæðri niðurstöðu þegar ákvörðun um að synja, ógilda eða afturkalla vegabréfsáritun, vegabréfsáritun til langrar dvalar eða dvalarleyfi á grundvelli ástæðna sem kveðið er á um í i., v. og vi. lið a-liðar 2. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar er skráð í samsvarandi skrá.

Að fenginni jákvæðri niðurstöðu skulu skimunaryfirvöld hafa aðgang að öllum viðeigandi gögnum í skránni.“

21. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2017/2226

Reglugerð (ESB) 2017/2226 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi lið er bætt við í 1. mgr. 6. gr.:

„1) styðja við markmið skimunarinnar sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 (*²), einkum athuganirnar sem kveðið er á um í 14.–16. gr. hennar.

(*²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 frá 14. maí 2024 um innleiðingu skimunar ríkisborgara þriðju landa á ytri landamærunum og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/817 (Stjtið. ESB L, 2024/1356, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1356/oj>).“

- 2) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2b. Starfsfólk skimunaryfirvaldanna, eins og skilgreint er í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, sem til þess hefur tilskilda heimild, skal hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu til að fletta upp í gögnum þess.“

- b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Aðgangur að gögnum komu- og brottfararkerfisins sem geymd eru í sameiginlega auðkennasafninu skal eingöngu vera fyrir starfsfólk með tilskilda heimild hjá landsyfirvöldum sérhvers aðildarríkis og starfsfólk með tilskilda heimild hjá fagstofnunum Sambandsins, sem eru lögbær í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 20. gr., 20. gr. a og 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817 og í 20. gr., 20. gr. a og 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/818 ^(*). Slíkur aðgangur skal takmarkast við þau gögn sem starfsfólk þarf til geta sinnt verkefnum sínum í þessum tilgangi og vera í samræmi við þau markmið sem stefnt er að.

^(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/818 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði lögreglu- og dómsmálasamstarfs, verndarmála og fólksflutninga og um breytingu á reglugerðum (ESB) 2018/1726, (ESB) 2018/1862 og (ESB) 2019/816 (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 85).“

- 3) Eftirfarandi grein er bætt við:

„24. gr. a

Aðgangur að gögnum vegna öryggisathugunar að því er varðar skimun

Skimunaryfirvöld, eins og þau eru skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, skulu hafa aðgang að komu- og brottfararkerfinu til að fletta upp í gögnunum til að framkvæma öryggisathugun í samræmi við 2. mgr. 15. gr. þeirrar reglugerðar.

Leit í samræmi við þessa grein skal framkvæmd með því að nota gögnin sem um getur í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 og komu- og brottfararkerfið skal skila jákvæðri niðurstöðu þegar skráning á synjun um komu, á grundvelli ástæðna sem kveðið er á um í B-, D-, H-, I- og J-lið í B-hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/399, er tengd við samsvarandi sérstaka gagnaskrá. Að fenginni jákvæðri niðurstöðu skulu skimunaryfirvöld hafa aðgang að öllum viðeigandi gögnum í skránni.

Ef engar lífkennaupplýsingar er að finna í sérstöku gagnaskránni er skimunaryfirvöldum heimilt að fá aðgang að lífkennaupplýsingum hlutaðeigandi einstaklings og sannprófa samsvörunina í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008.“

- 4) Í stað a-liðar 1. mgr. 46. gr. kemur eftirfarandi:

„a) tilganginn með aðganginum, sem um getur í 2. mgr., 2. mgr. a og 2. mgr. b í 9. gr.“

22. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1240

Reglugerð (ESB) 2018/1240 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi lið er bætt við í 4. gr.:

„eb) styðja við tilgang reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 ^(*),

^(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 frá 14. maí 2024 um innleiðingu skimunar ríkisborgara þriðju landa á ytri landamærunum og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/817 (Stjtið. ESB L, 2024/1356, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1356/oj>).“

- 2) Eftirfarandi lið er bætt við í 2. mgr. 8. gr.:

„i) að láta í té álit í samræmi við 35. gr. a.“

- 3) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 4. mgr. a kemur eftirfarandi:

„4a. Aðgangur að auðkennisupplýsingum og upplýsingum í ferðaskilríkjum ETIAS-ferðaheimildakerfisins, sem geymdar eru í sameiginlega auðkennasafninu, skal einnig eingöngu vera fyrir starfsfólk með tilskilda heimild hjá landsyfirvöldum sérhvers aðildarríkis og starfsfólk með tilskilda heimild hjá fagstofnunum Sambandsins, sem eru lögbærar í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 20. gr., 20. gr. a og 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817. Slíkur aðgangur skal takmarkast við þau gögn sem starfsfólk þarf til geta sinnt verkefnum sínum í þessum tilgangi og vera í samræmi við þau markmið sem stefnt er að.“

- b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4b. Skimunaryfirvöld, eins og þau eru skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 („skimunaryfirvöldin“), skulu einnig hafa aðgang að ETIAS-ferðaheimildakerfinu til að fletta upp í gögnunum til að framkvæma athuganirnar í samræmi við 2. mgr. 15. gr. þeirrar reglugerðar.

Leit í samræmi við þessa málsgrein skal framkvæmd með því að nota gögnin sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 og skal ETIAS-ferðaheimildakerfið skila jákvæðri niðurstöðu þegar ákvörðun um synjun, ógildingu eða afturköllun ferðaheimildar á grundvelli 7. mgr. 28. gr. eða á a-, b- og e-lið 1. mgr. 37. gr. þessarar reglugerðar er hluti af samsvarandi umsóknarskrá.

Að fenginni jákvæðri niðurstöðu skulu skimunaryfirvöld hafa aðgang að öllum viðeigandi gögnum í skránni.

Leiði leitina, sem fram fer í samræmi við þessa málsgrein, í ljós að samsvörun sé á milli gagnanna sem notuð eru við leitina og gagnanna sem skráð eru á gátlista ETIAS-ferðaheimildakerfisins, sem um getur í 34. gr., skal tilkynna þeirri landsskrifstofu ETIAS-ferðaheimildakerfisins eða Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins, sem færði gögnin inn á gátlista ETIAS-ferðaheimildakerfisins, um samsvörunina og skal hún bera ábyrgð á aðgengi að gögnunum á gátlista ETIAS-ferðaheimildakerfisins og á því að gefa álit sitt í samræmi við 35. gr. a.“

c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbæru landsyfirvöldin sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. og 4. mgr. a í þessari grein og skimunaryfirvöldin sem um getur í 4. mgr. b í þessari grein og senda skrá yfir þessi yfirvöld til Stofnunar Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingateknikerfa án tafar, í samræmi við 2. mgr. 87. gr. þessarar reglugerðar. Í skránni skal koma fram í hvaða tilgangi starfsfólk með tilskilda heimild hjá hverju yfirvaldi hefur aðgang að gögnum í upplýsingakerfi ETIAS-ferðaheimildakerfisins í samræmi við 1., 2. og 4. mgr. og 4. mgr. a í þessari grein.“

4) Eftirfarandi grein er bætt við:

„35. gr. a

Verkefni landsskrifstofu ETIAS-ferðaheimildakerfisins og Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins varðandi gátlista ETIAS-ferðaheimildakerfisins að því er varðar skimun

1. Í þeim tilvikum sem um getur í fjórðu undirgrein 4. mgr. b í 13. gr. skal miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfið senda annaðhvort landsskrifstofu ETIAS-ferðaheimildakerfisins eða Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins sjálfvirka tilkynningu, eftir því hvor þeirra færði gögnin á gátlista ETIAS-ferðaheimildakerfisins. Telji landsskrifstofa ETIAS-ferðaheimildakerfisins eða Löggæslusamvinnustofnunin, eftir því sem við á, að ríkisborgari þriðja lands, sem sætir skimun, kunni að vera ógn við innra öryggi skal hún þegar í stað tilkynna það hlutaðeigandi skimunaryfirvöldum og láta aðildarríkinu, þar sem skimunin fer fram, í té rökstutt álit innan tveggja daga frá móttöku tilkynningarinnar, með eftirfarandi hætti:

- landsskrifstofur ETIAS-ferðaheimildakerfisins skulu tilkynna það skimunaryfirvöldum í gegnum örugga boðskiptaleið, sem stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingateknikerfa á að koma á fót milli landsskrifstofa ETIAS-ferðaheimildakerfisins annars vegar og skimunaryfirvalda hins vegar,
- Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins skal upplýsa skimunaryfirvöld eftir samskiptaleiðum sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/794 og ef ekkert álit er veitt skal það metið svo að ekki sé um öryggisáhættu að ræða.

2. Sjálfvirka tilkynningin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal innihalda gögnin sem um getur í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, sem notuð eru við leitarfyrirspurnina.“

5) Eftirfarandi lið er bætt við í 1. mgr. 69. gr.:

„ea) ef við á, tilvísun í leitarfyrirspurnir sem færðar eru inn í miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfið að því er varðar 14. og 15. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, jákvæðar niðurstöður og niðurstöður þessarar leitarfyrirspurnar;“.

23. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/817

Reglugerð (ESB) 2019/817 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Yfirvöld aðildarríkjanna og fagstofnanir Sambandsins sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu nota evrópsku leitargáttina til að leita í gögnum sem tengjast einstaklingum eða ferðaskilríkjum þeirra í miðlægum kerfum komu- og brottfararkerfisins, upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir og ETIAS-ferðaheimildakerfisins, í samræmi við aðgangsrétt sinn eins og um getur í lagagerningunum sem gilda um þessi upplýsingakerfi ESB og í landslögum. Þau skulu einnig nota evrópsku leitargáttina til að leita í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við aðgangsrétt sinn samkvæmt þessari reglugerð í þeim tilgangi sem um getur í 20. gr., 20. gr. a, 21. og 22. gr.“

2) Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Sameiginlegu auðkennasafni (e. common identity repository (CIR)), þar sem stofnuð er sérstök gagnaskrá fyrir hvern þann einstakling sem er skráður í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfið sem hefur að geyma þau gögn sem um getur í 18. gr., er komið á fót í þeim tilgangi að greiða fyrir og aðstoða við rétta staðfestingu deila á einstaklingum sem skráðir eru í komu- og brottfararkerfið, upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfið, evrópska fingrafaragrunninn og ECRIS-TCN-sakaskráakerfið í samræmi við 20. gr. og 20. gr. a, að styðja við starfrækslu fjöluauðkennaskynjarans í samræmi við 21. gr. og að greiða fyrir og einfalda tilnefndum yfirvöldum og Löggæslusamvinnustofnuninni aðgang að komu- og brottfararkerfinu, upplýsinga-

kerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS-ferðaheimildakerfinu og evrópska fingrafaragrunninum þar sem slíkt er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði í samræmi við 22. gr.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Ef tæknilega ómögulegt reynist, vegna bilunar í sameiginlega auðkennasafninu, að leita í sameiginlega auðkennasafninu í þeim tilgangi að staðfesta eða sannprófa deili á einstaklingi samkvæmt 20. gr. eða í þeim tilgangi að staðfesta eða sannprófa deili á einstaklingi samkvæmt 20. gr. a, til að greina margföld auðkenni samkvæmt 21. gr. eða í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða aðra alvarlega, refsiverða verknaði samkvæmt 22. gr., skal stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa upplýsa notendur sameiginlega auðkennasafnsins um það með sjálfvirkum hætti.“

3) Í stað 3. mgr. 18. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðgangur yfirvalda að sameiginlega auðkennasafninu skal vera í samræmi við aðgangsrétt þeirra samkvæmt þeim lagagerningum sem gilda um upplýsingakerfi ESB og samkvæmt landslögum og í samræmi við aðgangsrétt þeirra samkvæmt þessari reglugerð í þeim tilgangi sem um getur í 20. gr., 20. gr. a, 21. og 22. gr.“

4) Eftirfarandi grein er bætt við:

„20. gr. a

Aðgangur að sameiginlega auðkennasafninu til að staðfesta eða sannprófa deili samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 ^(*)

1. Skimunaryfirvöld, eins og þau eru skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 („skimunaryfirvöldin“), skulu framkvæma leitarfyrirspurnir í sameiginlega auðkenningsafninu eingöngu í þeim tilgangi að staðfesta eða sannprófa deili á einstaklingi skv. 14. gr. þeirrar reglugerðar, að því tilskildu að ferlið hafi verið hafið í viðurvist viðkomandi einstaklings.

2. Ef leitarfyrirspurnin gefur til kynna að gögn um þann einstakling séu geymd í sameiginlega auðkennasafninu skulu skimunaryfirvöldin hafa aðgang til að fletta upp í gögnunum sem um getur í 1. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar, sem og í gögnunum sem um getur í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.

^(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 frá 14. maí 2024 um innleiðingu skimunar ríkisborgara þriðju landa á ytri landamærunum og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/817 (Stjtið. ESB L, 2024/1356, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1356/oj>).“

5) Ákvæðum 24. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 46. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 og 69. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240 skal stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluaðgerðir í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 2. mgr., 2. mgr. a, 3. og 4 mgr. þessarar greinar.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a. Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluaðgerðir samkvæmt 20. gr. a í sameiginlega auðkennasafninu. Aðgerðaskrárnar skulu innihalda eftirfarandi:

- það aðildarríki sem setur af stað leitarfyrirspurnina,
- tilganginn með aðgangi notandans sem gerir leitarfyrirspurnina í gegnum sameiginlega auðkennasafnið,
- dagsetningu og tímasetningu leitarfyrirspurnarinnar,
- þá tegund gagna sem er notuð til að setja af stað leitarfyrirspurnina,
- niðurstöður leitarfyrirspurnarinnar.“

c) Í stað fyrstu undirgreinar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„Hvert aðildarríki skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir sem yfirvöld þess og starfsfólk þeirra með tilskilda heimild til að nota sameiginlega auðkennasafnið gerir samkvæmt 20. gr., 20. gr. a, 21. og 22. grein. Hver fagstofnun Sambandsins skal halda aðgerðaskrár yfir leitarfyrirspurnir sem starfsfólk hennar með tilskilda heimild gerir skv. 21. og 22. gr.“

24. gr.

Mat

Eigi síðar en 12. júní 2028 skal framkvæmdastjórnin gefa skýrslu um framkvæmd ráðstafananna sem settar eru fram í þessari reglugerð.

Eigi síðar en 12. júní 2031 og á fjögurra ára fresti þaðan í frá skal framkvæmdastjórnin framkvæma mat á þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu um helstu niðurstöðurnar fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins. Eigi síðar en 12. desember 2030 og á fimm ára fresti eftir það skulu aðildarríki láta framkvæmdastjórninni í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að taka þessa skýrslu saman.

25. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 12. júní 2026.

Ákvæðin sem mælt er fyrir um í 14.–16. gr., sem varða leitarfyrirspurnir í upplýsingakerfum ESB, sameiginlega auðkennasafninu og evrópsku leitargáttinni, skulu aðeins taka gildi þegar einstök viðeigandi upplýsingakerfi, sameiginlega auðkennasafnið og evrópska leitargáttin eru tekin í notkun.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 14. maí 2024.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

R. METSOLA

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

H. LAHBIB

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 155, 30.4.2021, bls. 58.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 175, 7.5.2021, bls. 32.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 10. apríl 2024 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2024.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 frá 9. mars 2016 um setningu Sambandsreglna um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamæreglurnar) (Stjtið. ESB L 77, 23.3.2016, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/115/EB frá 16. desember 2008 um sameiginlega staðla og málsmeðferð í aðildarríkjunum varðandi endursendingu ríkisborgara þriðju landa sem dvelja þar ólöglega (Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 98).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 frá 14. maí 2024 um stjórnun hælismála og fólksflutninga, um breytingu á reglugerðum (ESB) 2021/1147 og (ESB) 2021/1060 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 604/2013 (Stjtið. ESB L, 2024/1351, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1351/oj>).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1358 frá 14. maí 2024 um stofnun evrópska fingrafaragrunnsins „Eurodac“ til að bera saman lífkennaupplýsingar í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 og (ESB) 2024/1350 og tilskipunar ráðsins 2001/55/EB og til að staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju landa og ríkisfangslausum einstaklingum sem dvelja þar ólöglega og um beiðnir löggæslufyrivalda aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins um samburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/818 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013 (Stjtið. ESB L, 2024/1358, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1358/oj>).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1346 frá 14. maí 2024 um kröfur varðandi móttöku umsækjenda um alþjóðleg vernd (Stjtið. ESB L, 2024/1346, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1346/oj>).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1348 frá 14. maí 2024 um að taka upp sameiginlega málsmeðferð um alþjóðlega vernd í Sambandinu og um niðurfellingu á tilskipun 2013/32/ESB (Stjtið. ESB L, 2024/1348, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1348/oj>).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 frá 30. nóvember 2017 um að koma á fót komu- og brottfararkerfi til að skrá upplýsingar um komur og brottfarir og upplýsingar um synjun um komu ríkisborgara þriðju landa, sem fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og um að ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og á reglugerðum (EB) nr. 767/2008 og (ESB) nr. 1077/2011 (Stjtið. ESB L 327, 9.12.2017, bls. 20).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/1148 frá 7. júlí 2021 um að koma á fót, sem hluta af Samþætta sjóðnum fyrir landamærastjórnun, fjármögnunarleiðinni til fjárstuðnings við landamærastjórnun og stefnu í vegabréfsáritunarmálum (Stjtið. ESB L 251, 15.7.2021, bls. 48).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1896 frá 13. nóvember 2019 um Evrópsku landamæra- og strandgæsluna og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 1052/2013 og (ESB) 2016/1624 (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2019, bls. 1).

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2303 frá 15. desember 2021 um Hælisstofnun Evrópusambandsins og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 439/2010 (Stjtið. ESB L 468, 30.12.2021, bls. 1).

⁽¹⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/36/ESB frá 5. apríl 2011 um að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali og vernda fórnarlömb þess, og um niðurfellingu á rammaákvörðun ráðsins 2002/629/DIM (Stjtið. ESB L 101, 15.4.2011, bls. 1).

⁽¹⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 168/2007 frá 15. febrúar 2007 um stofnun Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda (Stjtið. ESB L 53, 22.2.2007, bls. 1).

- ⁽¹⁶⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/922 frá 9. júní 2022 um að koma á fót og starfrækja úttektar- og eftirlitskerfi til að sannprófa beitingu Schengen-réttarreglnanna og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 1053/2013 (Stjtið. ESB L 160, 15.6.2022, bls. 1).
- ⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndar-reglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).
- ⁽¹⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði landamæra og vegabréfsáritana og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2016/399, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2018/1726 og (ESB) 2018/1861 og ákvörðunum ráðsins 2004/512/EB og 2008/633/DIM (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 27).
- ⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/818 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði lögreglu- og dómsmálasamstarfs, hælismála og fólksflutninga og um breytingu á reglugerðum (ESB) 2018/1726, (ESB) 2018/1862 og (ESB) 2019/816 (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 85).
- ⁽²⁰⁾ Ákvörðun ráðsins 2004/512/EB frá 8. júní 2004 um að koma á upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS) (Stjtið. ESB L 213, 15.6.2004, bls. 5).
- ⁽²¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 frá 12. september 2018 um að koma á fót evrópsku ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfi (ETIAS-ferðaheimildakerfinu) og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1077/2011, (ESB) nr. 515/2014, (ESB) 2016/399, (ESB) 2016/1624 og (ESB) 2017/2226 (Stjtið. ESB L 236, 19.9.2018, bls. 1).
- ⁽²²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/816 frá 17. apríl 2019 um að koma á miðlægu kerfi til að greina hvaða aðildarríki búa yfir upplýsingum um refsidóma ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga (upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa fyrir ríkisborgara þriðju landa (ECRIS-TCN-sakaskrákerfið)) til viðbótar við upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa og breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1726 (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 1).
- ⁽²³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).
- ⁽²⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1806 frá 14. nóvember 2018 þar sem talin eru upp þriðju lönd þar sem ríkisborgarar verða að hafa vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamærin og þriðju lönd þar sem ríkisborgararnir eru undanþegnir þeirri kvöð (Stjtið. ESB L 303, 28.11.2018, bls. 39).
- ⁽²⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1860 frá 28. nóvember 2018 um notkun Schengen-upplýsingakerfisins við endursendingu ríkisborgara þriðju landa sem dvelja ólöglega í aðildarríkjunum (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 1).
- ⁽²⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1861 frá 28. nóvember 2018 um stofnsetningu, rekstur og notkun Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) á sviði landamæraeftirlits og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og um breytingu og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1987/2006 (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 14).
- ⁽²⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1862 frá 28. nóvember 2018 um stofnsetningu, rekstur og notkun Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) á sviði lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfs í sakamálum, um breytingu og niðurfellingu ákvörðunar ráðsins 2007/533/DIM og um niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1986/2006 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/261/ESB (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 56).
- ⁽²⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 frá 11. maí 2016 um Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) sem kemur í stað og fellir úr gildi ákvarðanir ráðsins 2009/371/DIM, 2009/934/DIM, 2009/935/DIM, 2009/936/DIM og 2009/968/DIM (Stjtið. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 53).
- ⁽²⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir (vegabréfsáritunarreglurnar) (Stjtið. ESB L 243, 15.9.2009, bls. 1).
- ⁽³⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 frá 9. júlí 2008 um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (VIS-reglugerð) (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 60).
- ⁽³¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20).
- ⁽³²⁾ Ákvörðun ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31).
- ⁽³³⁾ Ákvörðun ráðsins 2008/146/EB frá 28. janúar 2008 um undirritun, fyrir hönd Evrópubandalagsins, á samningnum sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Svissneska ríkjasambandið gerðu með sér um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna (Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 1).
- ⁽³⁴⁾ Ákvörðun ráðsins 2011/350/ESB frá 7. mars 2011 um undirritun, fyrir hönd Evrópusambandsins, á bókuninni sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið, Svissneska ríkjasambandið og Furstadæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins um þátttöku Svissneska ríkjasambandsins í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna að því er varðar afnám eftirlits á innri landamærum og um för fólks (Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 19).
- ⁽³⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 866/2004 frá 29. apríl 2004 um fyrirkomulag skv. 2. gr. bókunar nr. 10 við aðildarlögin (Stjtið. ESB L 161, 30.4.2004, bls. 128).
- ⁽³⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1060 frá 24. júní 2021 um almenn ákvæði um Bygðaðþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu+, Samheldnisjóðinn, Sjóðinn fyrir sanngjörn umskipti og Sjávarútvegs- og fiskeldissjóð Evrópu og fjárhagsreglur fyrir þá og Sjóðinn vegna hælismála, fólksflutninga og aðlögunar, Sjóðinn fyrir innra öryggi og fjármögnunarleiðina til fjárstuðnings við landamærastrjórnun og stefnu í vegabréfsáritunarmálum (Stjtið. ESB L 231, 30.6.2021, bls. 159).